PFAFF
Perfection starts here.™

# expression™ line

## Leiðarvísir

Þessi saumavél er í samræmi við reglugerð IEC / EN 60335-2-28 og UL 1594.

# ÁRÍÐANDI ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

þegar þið notið rafmagnstæki ætti ávallt að fylgja ströngustu varúðarráðstöfunum þar á meðal eftirfarandi:
Lesið allan leiðarvísinn áður en þið byrjið að nota saumavélina. Geymið leiðarvísinn á öruggum stað og nálægt saumavélinni. Gætið þess að láta viðkomandi hafa leiðarvísinn ef þið lánið einhverjum vélina

# HÆTTA - Til að minnka hættu á rafstuði

- Saumavélina á aldrei skilja eftir tengda við rafmagn. Auðvelt aðgengi á að vera að þeim veggtengli sem saumavélin verður tengd við. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn strax og þið eruð hætt að nota hana, og eins áður en þið hreinsið hana, fjarlægið einhver lok, eða þegar þið eruð að vinna að einhverju viðhaldi sem nefnt er í leiðarvísinum

# AÐVÖRUN - Til að minnka hættuna á rafstuði eða meiðslum á fólki

- Notið vélina aldrei sem leikfang. Þið þurfið ávallt að fylgjast vel með ef þið leyfið börnum eða unglingum að nota saumavélina.
- Notið vélina eingöngu fyrir það sem hún er ætluð fyrir og lýst er í leiðarvísinum. Notið eingöngu áhöld og aukahluti sem mælt hefur verið með af framleiðanda vélarinnar.
- Notið vélina aldrei ef rafleiðslur hennar virðast vera í ólagi, og alls ekki ef vélin hefur dottið. Farið þá strax með vélina til næsta þjónustuaðila framleiðandans til skoðunar og viðgerðar.
- Gætið þess að öll loftop á vélinni séu ávallt opin. Gætið þess að ekki setjist ló eða önnur óhreinindi í loftop vélarinnar eða fótmótstöðunnar.
- Haldið fingrum frá hreyfanlegum hlutum vélarinnar. Gætið sérstaklega að ykkur nálægt nálarsvæðinu
- Notið ávallt rétta stingplötu. Röng stingplata getur orsakað nálarbrot og skemmd á vélinni.
- Notið aldrei bognar nálar.
- Togið hvorki né ýtið efninu þegar vélin er að sauma. Það gæti beygt nálina og orsakað nálarbrot og skemmd á vél.
- Notið öryggisgleraugu.
- Slökkvið á vélinni (“0”) þegar þið eruð að framkvæma einhverjar aðgerðir nálægt nálarsvæðinu eins og að þræða vélina, skipta um nál, skipta um spólu, skipta um saumfót og þess háttar.
- Gætið þess að ekkert fari inn um op á vélinni.
- Notið vélina ekki utanhúss.
- Notið vélina ekki nálægt þeim stöðum þar sem unnið er með úðabrúsa..
- Þegar þið hættið að sauma, slökkvið þá á vélinni og fjarlægið rafleiðslur frá henni.
- Takið vélina ekki úr sambandi með því að toga í leiðsluna. Takið um klærnar og losið leiðsluna frá veggtengli og vél.
- Fótmótstaðan er eingöngu til að nota við saumavélina.. Gætið þess að ekkert liggi ofan á fótmótstöðunni.
- Notið vélina aldrei ef hún er blaut eða rök.
- Ef díóðu lýsingin er skemmd eða brotin, verður að láta þjónustuaðilann gera við eða skipta um hana.
- Ef leiðslan í fótmótstöðuna er skemmd verður að láta þjónustuaðilann eða rafvirkja skipta um hana.
- Vélin er með tvöfaldri rafmagnseinangrun. Notið ávallt “original” varahluti frá framleiðanda vélarinnar. Sjá leiðbeiningar um þjónustu við raftæki með tvöfaldri einangrun.

# GEYMIÐ LEIÐARVÍSINN

### AÐEINS FYRIR EVRÓPU (GENELEC) LÖND:

Börn 8 ára og eldri mega nota þessa vél, svo og aðilar með skerta starfsgetu, en þá eingöngu undir eftirliti og aðstoð þess aðila sem kann á vélina. Börn mega alls ekki leika sér með vélina. Hreinsun og viðhald vélarinnar verður að vera framkvæmt af þeim aðila sem á vélina og kann á hana.
Hávaði frá vélinni miðað við venjulegar notkunaraðstæður er minni en 75dB (A).
Vélina má eingöngu nota með fótmótstöðu af gerðinni “FR5” sem framleidd er af Shanghai Binao Precision Mould Co, Ltd.

### FYRIR ÖNNUR LÖND EN EVRÓPU (GENELEC):

Þessi saumavél er ekki ætluð aðilum (þar á meðal börnum) sem hafa skerta starfsgetu, eða skort á skilningi í meðferð svona véla, nema því aðeins að þeir séu undir eftirliti og fái aðstoð frá þeim sem kunna á vélina og aðila sem geta borið ábyrgð á þeim sem notar hana. Börn þurfa alveg sérstaka aðstoð og þau mega aldrei leika sér með vélina.
Hávaði frá vélinni miðað við venjulegar notkunaraðstæður er minni en 75dB (A).
Vélina má eingöngu nota með fótmótstöðu af gerðinni “FR5” sem framleidd er af Shanghai Binao Precision Mould Co, Ltd.

## ÞJÓNUSTA VIÐ TÆKI SEM ERU MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN

Í tækjum með tvöfalda einangrun er vélin með tvær gerðir af einangrun í stað jarðtengingar. Engin jarðtenging er á tækjum með tvöfalda einangrun og alls ekki á að jarðtengja slík tæki. Þjónusta við tæki með tvöfalda einangrun þarfnast sérstakrar aðgætni og kunnáttu og á eingöngu að vera framkvæmd af þar til menntuðum aðilum. Hlutir fyrir tvöfalda einangrun verða að vera af nákvæmlega sömu gerð og eru fyrir í vélinni. Vélar og tæki sem eru með tvöfalda einangrun eru yfirleitt merkt með textunum DOUBLE INSULATION eða DOUBLE INSULATED.

# Til hamingju

Til hamingju með nýju saumavélina saumavél

Þið hafið nú eignast mjög vandaða og þróaða saumavél og vonandi verður hún til þess að saumadraumar ykkar rætist og að hún verði ykkur bæði til gagns og ánægju um ókomin ár.

Áður en þið byrjið að nota vélina biðjum við ykkur um að lesa leiðarvísinn  Þá komið þið til með að hafa fullkomin not af þessari saumavél PFAFF® umboðið mun að sjálfsögðu vera reiðubúið til að veita ykkur þá aðstoð sem þeir geta veitt.

PFAFF® saumavélin ykkar mun væntanlega verða ykkur til mikillar ánægju og þæginda.

# EFNISYFIRLIT


## 1 Introduction 7

Machine overview 1:8
- Front side 1:8
- Rear side 1:9
- Top parts 1:9
- Accessory tray 1:9

Included accessories 1:10
- Presser feet 1:11

Stitch overview 1:12
- Utility stitches 1:12
- Decorative stitches (720) 1:14
- Decorative stitches (710) 1:17
- Alphabets 1:19

## 2 Preparations 2:1

Unpacking 2:2
Connecting the foot control cord 2:2
Connect the power cord and foot control 2:2
Pack away after sewing 2:3
LED lights 2:3
Free arm 2:3
Thread cutter 2:3
Electronic knee-lift (720) 2:3
Spool pins 2:4
Threading the machine 2:5
- Needle threader 2:5

Thread sensor 2:6
Bobbin winding 2:7
Inserting the bobbin 2:8
IDT™ system (Integrated Dual Feed) 2:8
Changing the presser foot 2:9
Changing the needle 2:9
Change to straight stitch needle plate 2:9
Lowering feed dogs (710) 2:10
Needles 2:10
Threads 2:11
Stabilizers 2:11
USB port 2:12
How to update your machine 2:12

## 3 Machine settings & buttons 3:1

Touch screen 3:2
- Touch screen - overview 3:2

Settings menu 3:3
- Machine settings 3:3
- Sewing settings 3:4

Machine information 3:5
Common icons 3:5
Buttons and indicators 3:6

## 4 Sewing mode 4:1

Sewing mode 4:2
- Start view 4:2

Sewing mode - overview 4:2
Selection menu 4:3
- Selecting a stitch 4:3
- Selecting a font 4:3

Stitch settings 4:4
- Stitch width 4:4
- Stitch positioning 4:4
- Stitch length 4:5
- Stitch density 4:5
- Balance 4:5
- Thread tension 4:6
- Mirroring 4:6

Save to personal menu 4:7
Free-motion options (720) 4:8
Tie-off options 4:10
Sewing programs 4:11
Sequencing 4:12
Stitch Creator™ feature (720) 4:12
Sewing techniques 4:13
- Sewing in zippers 4:13
- Sewing hems in heavy fabric 4:13
- Three-step zigzag stitch 4:14
- Blindhem stitch 4:14
- Buttonholes 4:15
- Sew on a button 4:17
- Darning 4:17
- Quilting 4:18

Special sewing techniques 4:20
- Stacking stitches (720) 4:21
- Single ribbon stitches (720) 4:21
- Double ribbon stitches (720) 4:22
- Triple ribbon stitches (720) 4:23
- Floating stitches (720) 4:23

Common sewing pop-ups 4:24

# 5


## Sequencing 5:1

Sequencing 5:2
Sequencing - overview 5:2
Open and exit sequencing 5:3
Create a sequence 5:3
Sequence commands ........ 5:4
Loading and sewing a sequence 5:5
Saving a sequence 5:5
Important sequencing information 5:6
Common sequencing pop-ups 5:6


# 6


## Stitch Creator™ Feature (720) 6:1

Stitch Creator™ feature 6:2
Stitch Creator™ feature - overview 6:2
Open and exit Stitch Creator™ feature ........ 6:3
Definition of a stitch point ........ 6:3
Start creating - add a stitch or stitch point ........ 6:3
Select stitch points ........ 6:3
Duplicate selected stitch point ........ 6:4
Insert a new stitch point ........ 6:4
Triple stitch ........ 6:4
Mirroring side to side ........ 6:4
Mirroring end to end ........ 6:4
Delete selected stitch point ........ 6:4
Touch functions 6:5
Position of the marked stitch point 6:5
Loading and sewing a stitch 6:6
Saving a stitch 6:6
Common Stitch Creator™ feature pop-ups 6:6


# 7


## Personal files 7:1

Personal files 7:2
Browse personal files 7:3
Open a folder 7:3
Move up one folder level ........ 7:3
Organize 7:4
Common personal files pop-ups 7:4


# 8


## Maintenance 8:1

Cleaning the machine 8:2
Non-original parts and accessories 8:2
Troubleshooting 8:3
Index 8:5
Intellectual Property 8:9


Ath: Í leiðarvisinum munum við vísa til þessara véla eingöngu undir tegundarnöfnum þeirra þ.e.a.s. 720 og 710

# Inngangur 1

# Yfrlit  yfir vélina




## Vélin að framan

1 Lok
2 Þræðiraufar
3 Tvinnahnífur
4 Tengill fyrir "Sensormatic" hnappagatafót
5. Díóðu ljós
6. Fríarmur
7. Afturábak
8 Gaumljós fyrir afturábak saum
9. Gaumljós fyrir aðgerð
10. Tvinnaklipping
11. Start/stop
12. Saumfótur niður og í sveifluhæö
13. Saumfótur upp og í extra hæð
14. Tafarlaus hefting
15. Byrjun á saum
16 Hraðastjórn
17. Nálin uppi/niðri
18. PFAFF ™ skjárinn
19. Tölu-málband
20. Handhjól
21. Halda fyrir skjápenna
22. Innbyggður USB tengill
23. Aðalrofi, tenglar fyrir rafmagn og fótmótstöðu
24. Tengill fyrir hnélyftu (vél 720)




## Nálarsvæði

25. Innbyggður þræðari fyrir nál
26. Lok yfir grípara
27. Stingplata
28. Saumfótur
29. Fótstöng með. fóthöldu
30. Þræðistýring fyrir yfirtvinna
31. Skrúfa í nálarhöldu
32. Nálstöng
33. Flytjarinn tekinn úr sambandi (710).

## Vélin aftan frá

34 Handfang

35 IDT™ efri flytjarinn




## Hlutir að ofan

36 Forspenna fyrir þræðingu að spólara.

37 Tvinnastýring fyrir spólara

38 Tvinnastýringar

39 Þræðistýring fyrir spólara

40 Tvinnahnífur fyrir spólara

41 Öxull á spólara

42 Auka keflispinni

43 Skífur á keflispinn

44 Keflispinni

45 Tvinnaspenna

46 Þráðgjafi




## Hólf undir fylgihluti

Í hólfinu eru sérstök svæði fyrir saumfætur, spólur auk svæða fyrir nálar og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina ávallt í hólfinu þannig að þeir séu alltaf til reiðu

47 Svæði fyrir aukahluti

48 Fjarlægjanlegt hólf fyrir saumfætur.

Fjarlægjanleg spóluhalda.



# Fylgihlutir vélarinnar

### Fylgihlutir

50 Skjápenni
51 Tvinnanet (1)
52 Jaðarstýring
53 Filtskífa (1)
54 Skrúfjárn
55 Sprettihnífur
56 Bursti
57 Skífur fyrir tvinnakefli (2)
58 Skífa fyrir tvinnakefli - meðal
59 Skífa fyrir tvinnakefli - lítil
60 Alhliða áhald
61 Spólur (5)
62 Hnélyfta (720)
53 Stingplata fyrir beint spor (720)




### Fylgihlutir sem ekki eru á mynd

- Fótmótstaða
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar
- Microfiber klútur

## Saumfætur



**OA - Venjulegur saumfótur fyrir** efri flytjara ™ **( er á vélinni við afhendingu)**

Þessi saumfótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak og sporlengd lengri en 1,0mm.



**1A- Útsaumsfótur fyrir** efri flytjara™

Þessi fótur er notaður fyrir skrautsauma. Raufin undir fætinum er til þess að fóturinn renni vel yfir saumana.



**2A - Útsaumsfótur**

Þegar verið er að sauma skrautsauma eða stutt zik zak spor og aðra nytjasauma með sporlengd minni en 1.0mm. Raufin undir fætinum er til þess að fóturinn renni vel yfir saumana.



**3 - Blindsaumsfótur fyrir** efri flytjara™

Þessi fótur er notaður fyrir blindfalda. Táin á fætinum stýrir jaðri efnisins. Rauða stýringin á fætinum er hönnuð til að renna meðfram faldbrúninni.



**4 - Rennilásafótur fyrir** efri flytjara™

Þessum fæti er hægt að smella á fóthölduna bæði vinstra og hægra megin við nálina, þannig að hægt sé að sauma nálægt tönnum lásanna. Færið nálarstöðuna til hægri eða vinstri til að sauma sem næst tönnunum.



**5A - “Sensormatic” hnappagatafótur**

Þegar hann er tengdur við vélina verður hnappagatið saumað í þeirri lengd sem stillt hefur verið á í vélinni.



**5M - Venjulegur hnappagatafótur**

Þessi fótur er notaður til að sauma handgerð (ekki sjálfvirk) hnappagöt. Notið merkin á fætinum til að staðsetja efnisbrúnina. Fingurinn aftan á fætinum er til að krækja þræði fyrir hnappagöt með undirleggsþræði.



**6A - Útsaums “Sensormatic” útsaumsfótur**

Þessi fótur er notaður við fríhendis útsaum. Einnig er hægt að nota þennan fót fyrir ístopp.



**6mm bútasaumasfótur fyrir efri flytjara ™**

Þessi fótur hentar mjög vel fyrir bútasaum, og sérstaklega ef þið eruð að nota stingplötuna fyrir beina sauma. Fjarlægðin frá nálinni að ytri brún á hægri tánni á fætinum er 6mm. Fjarlægðin frá nálinni að innri brún á hægri tánni á fætinum er 3mm.



**8 - Fótur fyrir Maxi sauma (720)**

Þessi saumfótur er notaður fyrir sauma með hliðarflutningi.

*Áríðandi: Fullvissið ykkur um að* efri flytjarinn ™ *sé ekki í sambandi þegar þið notið fætur 2A, 5A, 6A og 8.*

# Yfirlit yfir  sauma

## Nytjasaumar

| Spor | Spor númer (710) | Spor númer /720) | Nafn | Lýsing |
|---|---|---|---|---|
|  | 1.1.1. | 1.1.1. | Beint spor | Fyrir venjulega sauma og stungusauma. Veljið eina af 37 mismunandi nálarstöðum. *Ath: Þessi saumur er með sterkari heftingu en saumur 2.1.1.* |
|  | 1.1.2. | 1.1.2. | Teygjanlegt þrefalt spor. | Styrktur saumur Fyrir stungusauma. |
|  | 1.1.3. | 1.1.3. | Teygjanlegur “tricot” saumur | Fyrir sauma á teygjanleg efni. |
|  | 1.1.4. | 1.1.4. | Þræðispor | Eitt spor í einu - ætlað til að þræða efni saman. Snertið fótmótstöðuna til að sauma eitt spor. Færið efnið síðan með höndunum á þann stað sem þið ætlið að sauma næsta þræðispor. |
|  | 1.1.5. | 1.1.5. | Zik zak spor | Styrkja sauma, frágang og teygjanlega sauma. |
|  | 1.1.6. | 1.1.6. | Teygjanlegt þrefalt zik zak spor. | Teygjanlegt spor fyrir skrautlega falda eða stungusauma. |
|  | 1.1.7. | 1.1.7. | Þriggja þrepa zik zak spor. | Til að sauma teygjur á fatnað, ístopp, bætur og skrautsauma. |
|  | 1.1.8. | 1.1.8. | Teygjanlegt spor | Sauma teygjur, ístopp, bætur og blúndusauma. |
|  | 1.1.9. | 1.1.9. | Zik zak spor | Applíkeringar, kóssa |
|  | 1.1.10. | 1.1.10. | Vöfflusaumur | Skrautlegur saumur fyrir teygjanleg efni og falda. Einnig notað með teygjanlegum tvinna sem undirtvinna. |
|  | 1.1.11. | 1.1.11. | Tengispor | Til að sauma tvö efni saman á jöðrunum, bútasaum, sem skrautsaum í bútasaum og falda. |
|  | 1.1.12. | 1.1.12. | Teygjanlegt tengispor | Tengisaumur fyrir undirfatnað, frotté, leður og gróf efni sem eru lögð á mis. |
|  | 1.1.13. | 1.1.13. | Faldspor | Teygjanlegur skrautlegur faldur fyrir teygjanleg efni. Einnig heppilegur til að sauma efni saman og milliefni í bútasaum. |
|  | 1.1.14. | 1.1.14. | Blindfaldur | Fyrir blindfalda á ofin efni |
|  | 1.1.15. | 1.1.15. | Teygjanlegur blindfaldur. | Fyrir blindfalda á teygjanleg efni. |
|  | 1.2.1. | 1.2.1. | Lokað overlockspor. | Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. |
|  | 1.2.2. | 1.2.2. | Teygjanlegur kastsaumur. | Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. |
|  | 1.2.3. | 1.2.3. | Overlock. | Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. |
|  | 1.2.4. | 1.2.4. | Fyrir bætur á teygjanleg efni | Fyrir bætur og falda á teygjanleg efni. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 1.2.5. | 1.2.5. | Lokað overlockspor. | Saumar og kastar jaðarinn i einum saum. bætur og faldur. |
| | 1.2.6. | 1.2.6. | Þéttur lokaður overlocksaumur | Fyrir bætur, falda, sauma efni saman og kasta jaðra um leið á teygjanleg efni. |
| | 1.2.7. | 1.2.7. | “Flatlock” faldur | Sauma “flatlock” útlits falda á teygjanleg efni. |
| | N.A | 1.2.8. | “Flatlock” faldur | Sauma “flatlock” útlits falda á teygjanleg efni. |
| | 1.2.8. | 1.2.9. | Opinn overlock blindfaldur | Opinn skrautlegur overlocksaumur fyrir ofin efni. |
| | 1.2.9. | 1.2.10. | Overlock blindfaldur. | Fyrir skrautlegan overlock blindfald á teygjanleg efni. |
| | 1.3.1 | 1.3.1 | Venjulegt hnappagat | Venjulegt hnappagat fyrir blússur, skyrtur og jakka. Einnig fyrir koddaver. |
| | 1.3.2 | 1.3.2 | Afrúnnað hnappagat með krosslagaðri heftingu | Hnappagöt á fatnað. |
| | 1.3.3 | 1.3.3 | Augahnappagat með oddlaga heftingu | Klæðskera hnappagat eða skrautlegt hnappagat. |
| | 1.3.4 | 1.3.4 | Afrúnnað hnappagat | Hnappagöt fyrir léttan fatnað eða jakka. |
| | 1.3.5 | 1.3.5 | Teygjanlegt hnappagat. | Hnappagat fyrir teygjanleg efni. |
| | 1.3.6 | 1.3.6 | Skrautlegt augahnappagat | Skrautlegt augahnappagat fyrir jakka. |
| | N.A | 1.3.7 | Skrautlegt augahnappagat | Skrautlegt augahnappagat fyrir jakka. |
| | N.A | 1.3.8 | Aldamóta hnappagat | Skrautlegt aldamóta hnappagat. |
| | 1.3.7 | 1.3.9 | Aldamóta hnappagat | Skrautlegt aldamóta hnappagat. |
| | 1.3.8 | 1.3.10 | Töluáfesting | Til að festa tölu og einnig fyrir heftingar. |
| | 1.3.9 | 1.3.11 | Afrúnnað hnappagat | Grunnspor fyrir afrúnnuð hnappagöt |
| | 1.4.1. | 1.4.1. | Kóssar. | Fyrir belti, blúndur, aldamótasauma o.s.frv. |
| | 1.4.2 | 1.4.2 | Skrautlegur kóssi | Fyrir belti, blúndur, aldamótasauma o.s.frv. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | N.A | 1.4.3. | Skrautlegur kóssi | Skrautlegur kóssi fyfir aldamótasauma |
| | 1.4.3. | 1.4.4 | Skrautlegur kóssi | Fyrir belti, blúndur, aldamótasauma o.s.frv. |
| | 1.4.4 | 1.4.5 | Forritanlegt ístopps spor. | Til að gera við lítil göt . Byrjið að sauma yfir gatið, ýtið á afturábak hnappinn til að halda áfram með slíkan saum. |
| | 1.4.5 | 1.4.6 | Forritanlegt ístopps spor. | Stoppa í og gera við vinnufatnað, gallabuxur, borðdúka o.þ.h. Saumið yfir gatið, ýtið síðan á afturábak hnappinn og “auto” stop. |
| | 1.4.6 | 1.4.7 | Hefting | Til að styrkja vasaop, skyrtuklaufar, beltalykkjur og neðri enda á rennilásum. |
| | 1.4.7 | 1.4.8 | Heftingar á gallabuxnaefni | Til að styrkja vasaop, skyrtuklaufar, beltalykkjur og neðri enda á rennilásum. |
| | 1.4.8 | 1.4.9 | Skrauthefting | Til að styrkja vasaop, skyrtuklaufar, beltalykkjur og neðri enda á rennilásum. |
| | 1.4.9 | 1.4.10 | Krosshefting | Til styrkingar á vasaopum, skyrtuopum og beltalykkjum. |

## Skrautsaumar (720)



*2.1. Bútasaumar - með handavinnu útliti*



*2.2 Bútasaumar - Kross heftingar*



*2.2 Bútasaumar - Kross heftingar*



*2.3. Bútasaumar - “Crazy” saumar*



*2.3 Bútasaumar - “Crazy” saumar*



*3.1 Nálar listsaumur - Kross saumar*



*3.1 Nálar listsaumur - Kross saumar*



*3.2.Nálar listsaumur - Nálarvinnu saumar*



*3.3 Nálar listsaumur - Antík handavinnu útsaums saumar*



*3.3 Nálar listsaumur - Antik handavinnu útsaums saumar*



*4.1 Flatsaumar - Bogasaumar*



*4.1 Flatsaumar - Bogasaumar*



*4.2 Flatsaumar - Flatsaumar*



*4.2 Flatsaumar - Flatsaumar*



*4.3. Flatsaumar - Bekkir*



*4.3. Flatsaumar - Bekkir*



*5.1 Skrautsaumar - Lauf og blóm*



*5.1 Skrautsaumar - Lauf og blóm*



*5.2 Skrautsaumar - Listsaumar*



*5.2 Skrautsaumar - Listsaumar*



*5.3 Skrautsaumar - Listsaumar*



5.3 Skrautsaumar - Listsaumar



5.4 Skrautsaumar - Maxi saumar



6.1 Ýmsir saumar - Slaufur og hjörtu



6.2 Ýmsir saumar - Dýrasaumar



6.3 Saumatækni - Grín saumar



6.3 Saumatækni - Grín saumar



7.1 Upphafsstafir - Upphafsstafir 1



7.1 Upphafsstafir - Upphafsstafir 1



7.1 Upphafsstafir - Upphafsstafir 1



8.1 Saumatækni - Borðasaumar



8.1 Saumatækni - Borðasaumar



8.2 Saumatækni - Stafl saumar



8.2 Saumatækni - Stafl saumar



8.3 Saumatækni - Fljótandi saumar



9.1 Aukalegir saumar - Saumar fyrir aukafætur



*9.1  Aukalegir saumar - Saumar fyrir aukafætur*



*9.2  Aukalegir saumar - Fjögurra átta saumar*

## Skrautsaumar (710)



*2.1. Bútasaumar -  með handavinnu útliti*



*2.2  Bútasaumar -  Kross heftingar*



*2.3  Bútasaumar - “Crazy” saumar*



*2.3  Bútasaumar - “Crazy” saumar*



*3.1 Nálar listsaumur -  Kross saumar*



*3.2.Nálar listsaumur - Nálarvinnu saumar*




*3.3 Nálar listsaumur - Antík handavinnu útsaums saumar*




*4.1 Flatsaumar - Bogasaumar*




*4.2 Flatsaumar - Flatsaumar*




*4.3. Flatsaumar - Bekkir*




*5.1 Skrautsaumar - Lauf og blóm*




*5.1 Skrautsaumar - Lauf og blóm*




*5.2 Skrautsaumar - Listsaumar*




*5.3 Skrautsaumar - Listsaumar*




*5.3 Skrautsaumar - Listsaumar*




*6.1 Ýmsir saumar - Slaufur og hjörtu*




*6.2 Ýmsir saumar - Dýrasaumar*




*6.3 Saumatækni - Grín saumar*




*7.1 Saumar fyrir aukafætur*

## Stafróf



*Grín saumar*



*Skrifstafir*



*Útlínu saumar (720)*



*Cyrillic Rússneskt letur*

# Undirbúningur 2

## Vélin tekin úr umbúðunum

1. Setjið kassann á stöðugan og flatan flöt. Lyftið vélinni úr kassanum, fjarlægið pakkningar og takið lokið af vélinni.
2. Fjarlægið allar pakkningar og plastpoka.
3. Rennið hólfinu fyrir fylgihlutina af vélinni og fjarlægið hvíta frauðplastið sem er undir fríarminum.

*Ath: Frauðplast sem skilið er eftir í hólfinu fyrir fylgihlutina getur haft áhrif á útlit og gæði saums. Frauðplastið er eingöngu notað fyrir flutning vélarinnar og ætti því að fjarlægja.*

*Ath: PFAFF R saumavélin er stillt fyrir besta árangur í venjulegum herbergishita. Mikill hiti eða kuldi geta haft áhrif á vélina.*

## Snúran fyrir fótmótstöðuna tengd

Snúruna finnið þið hjá fylgihlutunum. Þið þurfið aðeins að tengja þessa snúru einu sinni þegar þið takið vélina í notkun.

1. Takið snúruna fyrir fótmótstöðuna. Snúið fótmótstöðunni við. Tengið snúruna við opna plássið undir fótmótstöðunni eins og sýnt er.
2. Þrýstið á tengilinn til að fullvissa ykkur um að snúran sé rétt tengd.
3. Smeygið snúrunni í raufina vinstra megin við tengilinn til að fullvissa ykkur um að fótmótstaðan sitji rétt á gólfinu.



## Tengið raflmagnssnúruna og fótmótstöðuna við vélina.

*Ath: Áður en þið tengið fótmótstöðuna við vélina fullvissið ykkur um að hún sé að gerðinni "FR5" (sjá neðan á fótmótstöðunni)*

1. Tengið fótmótstölðuna í fremri tengilinn á hægri hlið vélarinnar (A).
2. Tengið rafleiðsluna við aftari tengilinn neðan til á hægri hlið vélarinnar (B). Tengið leiðsluna síðan við veggtengil.
3. Ýtið aðalrofanum I/0 á I til að kveikja á vélinni og ljósi hennar (C).




**Fyrir USA og Kanada.**

Þessi vél er með pólar tengli (annar armurinn er breiðari en hinn). Til að koma í veg fyrir rafstuð, þá er þessi tengill eingöngu fyrir pólar veggtengil. Ef tengillinn gengur ekki í veggtengilinn, reynið þá að snúa honum 180°. Ef það gengur ekki heldur hafið þá samband við rafvirkja til að breyta veggtenglinum. Alls ekki má breyta tengli vélarinnar.

## Gangið ávallt frá vélinni að saum loknum.



1 Ýtið aðalrofanum I/0 á 0.

2 Takið vélina úr sambandi við veggtengilinn og síðan úr vélinni.

3 Takið fótmótstöðuna úr sambandi við vélina (A). Vindið leiðslunai frá fótmótstöðunni og setjið hana í opna svæðið neðan á fótmótstöðunni.

4 Setjið alla fylgihluti í hólfið fyrir þá. Rennið bakkanum á vélina utan um fríarminn.

5 Setjið fótmótstöðuna í plássið ofan á fríarminum.

6 Setjið lokið á vélina

## Díóðu ljós



Vélin er með díóðu ljós sem dreifa ljósmagninu jafnt yfir allan vinnuflötinn og kemur í veg fyrir skugga.

## Fríarmur



Til að nota fríarminn rennið þið hólfinu fyrir fylgihlutina af vélinni Lítill krókur heldur hólfinu við arminn þegar það er á vélinni. Fjarlægið bakkann með því að renna honum út til vinstri.

## Tvinnahnífur

Til að nota tvinnahnífinn togið þið í tvinnana aftan frá og fram á við eins og sýnt er.

## Elektrónísk hnélyfta (vél 720)




Vélin kemur með elektróniskri hnélyftu til að lyfta saumfætinum.

Setjið hnélyftuna í gatið framan á vélinni. Flati kanturinn á að snúa upp á við. Stillið ferhyrnda púðann á hnélyftunni þar til hann er í þægilegri hæð fyrir ykkur.

Hægt er að lyfta saumfætinum með þvi að ýta á hnélyftuna til hægri. Nú getið þið haft báðar hendur á efnunum.

Þið togið hnélyftuna beint út til að fjarlægja hana úr vélinni.

# Keflispinnar

Vélin er með tvo keflispinna  aðal keflispinnann og aukalega keflispinnann. Keflispinnarnir henta fyrir allar gerðir af tvinnakeflum. Aðal keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann hvort sem er í láréttri (tvinninn rekst af keflinu) eða lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Notið lárétta stöðu fyrir allan almennan tvinna en lóðrétta stöðu fyrir sérstakan tvinna og stærri kefli.



*Lítil tvinnaskífa*

## Lárétt staða

Setjið  skífu og tvinnakefli á keflispinnann. Fullvissið ykkur um að tvinninn renni af keflinu rangsælis og setjið viðeigandi skífu fyrir framan tvinnakeflið

*Ath: Öll tvinnakefli eru ekki framleidd á sama hátt. Ef þið lendið í vandræðum með tvinnakefli prófið þá að snúa því við eða prófið lóðréttu stöðuna.*

Notið skífu sem er aðeins stærri en tvinnakeflið sjálft. Fyrir mjó tvinnakefli notið þið litla skífu fyrir framan það. Fyrir stærri tvinnakefli notið þið stærri skífu fyrir framan keflið.

Flata hliðin á skífunni á að liggja þétt upp að tvinnakeflinu. Það á ekkert bil að vera á milli skífunnar og tvinnakeflisins.



*Stór tvinnaskífa*

## Lóðrétt staða

Setjið keflispinnann í lóðrétta stöðu. Setjið stóra skífu á keflispinnann  og filskífu ofan á hana. Það er gert til að keflið snúist ekki of hratt.

Setjið ekki skífu ofan á tvinnakeflið í þessu tilviki, því það gæti hindrað að keflið snúist.

*Ath: Þegar keflispinninn er notaður í lóðréttri stöðu, gæti þurft að breyta tvinnaspennunni aðeins.*



*Aðal keflispinninn í lóðréttri stölðu.*

## Auka keflispinni

Auka keflispinninn er notaður þegar þarf að spóla undirtvinna af öðru tvinnakefli, og þegar nota þarf auka keflispinnann þegar verið er að sauma með tvíburanál.

Lyftið auka keflispinnanum upp. Setjið stóra skífu á hann og síðan filtskífu á hana undir tvinnakeflið.



*Auka keflispinninn og aðal keflispinninn í lóðréttri stöðu.*

## Þræðing vélarinnar

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og nálin í efstu stöðu.




1 Setjið tvinnakeflið á keflispinnann og setjið síðan viðeigandi skífu á hann.

*Ath: Haldið tvinnanum með báðum höndum til að koma í veg fyrir að það slakni á honum þegar verið er að þræða. Það tryggir að tvinninn verður rétt staðsettur í þræðingunni.*

2 Leggið tvinnann í stýringuna með því að toga hann framan frá og aftur (A). Fullvissið ykkur um að tvinninn smelli á sinn stað. Togið tvinnann síðan undir tvinnastýringuna (B) fyrir spólarann sem er á forspennunni (C)

3 Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri.

4 Leggið tvinnann síðan hægra megin frá í þráðgjafann (D) og síðan niður eftir vinstri þræðiraufinni að tvinnastýringunni fyrir nálina (E).

5 Þræðið nálina.




## Þræðari fyrir nálina.

Þræðarinn fyrir nálina auðveldar ykkur að þræða hana. Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þið notið innbyggða þræðarann.




1 Setjið saumfótinn niður.

2 Notið handfangið og togið þræðarann alla leið niður. Krókurinn á þræðaranum (G) sveiflast nú til hliðar og fer í gegn um nálaraugað.

3 Leggið tvinnann nú aftan frá ofan á krókinn (F) og síðan undir tvinnakrókinn (G).

4 Látið þræðarann fara hægt og rólega til baka. Krókurinn togar nú tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju fyrir aftan nálina. Togið lykkjuna í gegn um nálaraugað.

*Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir nálar í grófleikum 70-120. Ekki er hægt að nota þræðarann fyrir nálar 60 og fínni, og ekki fyrir Wing húllsaumsnálar eða tvíbura og þríburanálar. Það eru einnig nokkur áhöld og fylgihlutir sem gera það að verkum að ekki er hægt að nota þræðarann þegar þau eru í notkun.*






### Þræðing á tvíburanál

Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og nálin í efstu stöðu.




1 Setjið tvinnakeflið á keflispinnann og setjið síðan viðeigandi skífu á hann. Lyftið auka keflispinnanum upp. Setjið stóra skífu á hann og einnig filt skífu. Setjið seinna tvinnakeflið á keflispinnann.

*Ath. Haldið um tvinnana með báðum höndum svo að ekki slakni á þeim. Þetta tryggir að tvinnarnir verða rétt staðsettir í þræðiveginum*




2 Leggið tvinnann í þræðistýringuna með. því að þrýsta þeim framan frá (A). Fullvissið ykkur um að tvinninn smelli á sinn stað. Þrýstið þeim síðan undir þræðistýringuna fyrir spólun (B) sem er á forspennunni fyrir spólun (C).

3 Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri. Gætið þess að annar tvinninn fari vinstra megin og hinn hægra megin við skífuna í tvinnaspennunni (F).

4 Leggið tvinana síðan hægra megin frá í þráðgjafann (D) og síðan niður vinstri þræðiraufina. Gætið þess síðan að annar tvinninn sé inni í þræðistýringunni fyrir nálina (E), en hinn fyrir utan hana. Gætið þess að tvinnarnir flækist ekki saman.

5 Þræðið nálarnar

*Ath: Gerið "tvíburanálar" virkt og veljið síðan rétta gerð af tvíburanál í stilliforritinu (veljið rétt nálarmillibil). Við það takmarkið þið sjálfkrafa hliðarhreyfingu viðkomandi nála og komið í veg fyrir að nálarnar skemmi saumfótinn og stingplötuna og einnig brot á´nálunum.*

*Ath: Grófleiki og óreglulegt yfirborð á sérstökum tvinnum eins og t.d. málmþræði eykur á núningsmótstöðu tvinnans. Með því að losa aðeins á tvinnaspennunni minnkar hættan á að tvinninn slitni.*




*Ath: Notið aldrei tvíburanálar sem ekki koma út frá miðju - þær gætu skemmt vélina.*

## Tvinnaskynjari

Þegar undirtvinninn fer að verða búinn, stöðvast vélin og sprettigluggi kemur á skjáinn. Skiptið og setjið fulla spólu í spóluhúsið og haldið áfram að sauma.




*Ath: Þegar spólan er svo til að verða tóm,þá kemur sprettigluggi á skjáinn og lætur ykkur vita. Þið getið haldið áfram að sauma án þess að loka sprettigluggann, en undirtvinninn klárast mjög fljótt.*




## Spólað á spóluna

### Spólað frá lárétta keflispinnanum.




1 Setjið tóma spólu á spólarann og látið vörumerkið snúa upp.. Notið eingöngu PFAFF[R] spólur sem eru hannaðar fyrir þessa vél.

2 Setjið tvinnakelfi á lárétta keflispinnann. Setjið skífu fyrir framan tvinnakeflið.

3 Leggið tvinnann í tvinnastýringuna (A) framan frá og aftur á bak. Togið tvinnann nú rangsælið fyrir ofan stýringuna fyrir spólarann (B) og síðan í gegn um stýringarnar að aftan (C).

*Ath: Fullvissið ykkur um að tvinninn sé alveg inn á milli skífanna í forspennunni fyrir spólunina.*




4. Þræðið í gegn um raufina á spólunni (D) innan frá og út.

5 Ýtið spólaranum til hægri til að setja hann í samband. Sprettigluggi kemur á skjáinn og gefur til kynna að spólarinn sé tilbúinn og virkur. Til að stilla spóluhraðann, notið þið sleðann í sprettiglugganum. Byrjið að spóla með því að stíga á fótmótstöðuna eða snerta start/stop hnappinn.

Spólarinn stöðvast þegar spólan er orðin full. Stígið af fótmótstöðunni eða snertið start/stop hnappinn til að stöðva mótorinn fyrir spólarann. Ýtið spólaranum til vinstri þar til sprettigluggin lokast. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með tvinnahnífnum á´vélinni (F).




### Spólað með tvinnanum sem er þræddur í vélinni.

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu uppi. Til að forðast að nálin bogni er best að afþræða nálina.

Farið með tvinnann frá tvinnastýringunni (E) upp í gegn um vinstri þræðiraufina og þaðan í gegn um þræðilykkjurnar fyrir spólun (C). Farið síðan eftir þrepum 4 og 5 hér að ofan



## Spólan sett í vélina

1 Fjarlægið lokið yfir gríparanum með því að renna því að ykkur.

2 Setjið spóluna í spóluhúsið og látið vörumerkið snúa upp og aðgætið að tvinninn renni af spólunni frá vinstri Spólan mun þá snúast rangsælis þegar þið togið í tvinnann.

3 Setjið fingur á spóluna þannig að hún snúist ekki þegar þið togið í tvinnann ákveðið til hægri og síðan til vinstri inn í spennifjöðrina (A) þar til hann “smellur” á sinn stað.

4 Haldið áfram og þræðið í kring um (B) og síðan til hægri í tvinnahnífinn (C). Setjið lokið aftur á sinn stað. Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann.

*Þið getið notað lokið sem stækkunargler.*




## IDT™ stendur fyrir Integrated Dual Transport eða það sem við köllum efri flytjara.

Til að sauma svo til hvaða efni sem býðst er PFAFF R saumavélin með mjög góða lausn - efri flytjarann, IDT ™ eða Integrated Dual Transport. Þetta er eins og á sumum iðnaðarvélum þar sem IDT™ kerfið er mikið notað þar sem vélarnar færa efnið samtímis að ofan og að neðan. Efnin eru flutt eins og í töng og kemur í veg fyrir að þau rykkist eða misfærist, sem er sérstaklega gott þegar saumuð eru þunn efni eins og silki og rayon. Þessi tvöfaldi flutningur með efri flytjaranum™ kemur í veg fyrir að efnin færist á mis þegar verið er að sauma þau, bútasaumsefnin standast á, og rendur í röndóttum efnum standast líka á.





### Efri flytjarinn IDT™settur í samband

*Áríðandi: Fyrir alla vinnu með* efri flytjaranum *IDT*™ *þarf að nota fætur sem eru með rauf að aftan.*

Lyftið saumfætinum Ýtið efri flytjaranumIDT™niður þar til hann smellur á sinn stað.

### Efri flytjarinnIDT™ tekinn úr sambandi

Lyftið saumfætinum Haldið um efri flytjarann IDT™ með tveimur fingrum þar sem hann er riffladur. Togið efri flytjarann IDT™ niður á við og ýtið honum aðeins frá ykkur til að taka hann úr sambandi og láta hann aftur í sína efri stöðu.



# Skipt um  saumfót

### Saumfótur tekinn af

Ýtið niður á saumfótinn þar til hann dettur af fóthöldunni.



### Saumfótur settur á

Látið pinnana á saumfætinum vera á móts við raufina í fóthöldunni. Ýtið saumfætinum upp á við þar til fóturinn smellur á sinn stað.

Þið getið einnig notað hnappinn saumfótur upp/niður til að lyfta og setja fóthölduna niður. Setjið saumfótinn beint undir fóthölduna þannig að pinnarnir séu beint undir raufinni á fóthöldunni. Lækkið síðan fóthölduna.



# Skipt um nál

1 Notið gatið í  alhliða áhaldinu til að halda nálinni.

2 Losið um skrúfuna sem heldur nálinni.

3 Fjarlægið nálina.

4 Setjið nýja nál í hölduna og notið alhliða áhaldið til að halda á nálinni. Ýtið nálinni eins hátt og hún kemst og þannig að flati leggurinn snúi frá ykkur.

5 Herðið vel á skrúfunni sem heldur nálinni.



# Skiptið og setjið stingplötu fyrir beinan saum á vélina.

1 Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu af gríparasvæðinu.

2 Fullvissið ykkur um að frlytjarinn sé ekki í sambandi. Setjið skrúfjárn undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni og snúið því lauslega og þá smellur stingplatan upp.

3 Með flytjarann úr sambandi setjið stingplötuna fyrir beinan saum á vélinaog látið hakið falla í raufina að aftan (D). Þrýstið á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað. Rennið lokinu yfir gríparann aftur á sinn stað.



## Flytjarinn tekinn úr sambandi (710)

Þið getið tekið flytjarann úr sambandi með því að færa hnappinn framan á vélinni til vinstri. Færið hann aftur til hægri þegar þið viljið setja flytjarann aftur í samband .



## Nálar

Saumavélanálin leikur ávallt stórt hlutverk í öllum saumum. Notið aðeins gæðanálar. Og eingöngu nálar af gerðinni 130/705H. Nálarnar sem fylgja með vélinni eru af mest notuðu nálargrófleikunum.




### Alhliða nálar (A)

Alhliða nálarnar eru með dálítið afrúnnaðan odd og hægt er að fá þær í ýmsum grófleikum. Þær eru fyrir alhliða sauma á hin ýmsu efni og grófleika af efnum.

### “Stretch” nálar (B)

“Stretch” nálar eru með sérstakt úrtak til að koma í veg fyrir að vélin hlaupi yfir þegar og ef efnin gefa eftir þegar nálin kemur í þau. Fyrir prjón, sundfatnað., flís, gerviefni og leður.

### Útsaums nálar (C)

Útsaums nálar eru einnig með sérstakt úrtak, afrúnnaðan odd og aðeins stærra auga til að koma í veg fyrir skemmd á viðkvæmum efnum. Þessar nálar á að nota þegar þið notið málmþræði og aðra sérstaka tvinna við úsaum og skrautsauma.




### Denim nálar (D)

“Denim” nálar eru mjög oddhvassar til að fara örugglega í gegn um þétt og þykk ofin efni án þess að nálin bogni. Fyrir tjalddúk, gallabuxnaefni og mikroefni.

### Wing húllsaumsnálar (E)

Wing nálin er með “vængi” á hliðunum til að gera göt í efnin þegar þið saumið húllsauma á náttúruleg efni.

*Ath: Skiptið oft um nálar. Notið ávallt beinar nálar með heilum oddi (F).*

*Skemmd nál (G) getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor og að tvinninn slitni. Skemmd nál getur einnig skemmt stingplötuna.*

*Notið aldrei tvíburanálar sem koma ekki jafnt út frá miðjunni (H) því þær geta skemmt vélina.*

## Tvinnar

Í dag er fjöldinn allur af tvinnategundum á markaðnum, og hannaðir fyrir ýmis konar verkefni.

### Venjulegur alhliða saumtvinni

Alhliða tvinni er framleiddur úr gerviefnum, baðmulll eða polyester tvinna sem er umofinn baðmull. Þessi tegund af tvinna er notaður í alla venjulega sauma.

### Útsaums tvinni

Utsaumstvinni er framleiddur úr alls konar efnum, rayon,polyester, acryl, málmi o.fl. o.fl. Þessir tvinnar hafa þann eiginleika að vera með glansandi áferð og henta því vel fyrir útsauma og skrautsauma.

### Glær tvinni úr einum þræði

Glær tvinni - ennig kallaður monofilament því hann er glær gerfitvinni bæuinn til úr einum þræði. Hann er notaður í bútasaum og ýmsa skrautsauma. Notið haznn ekki á flíkur - allavega ekki þar sem hann kemst í snertingu við hörund. Þræðið þennan tvinna aðeins frá keflispinna í lóðrettri stöðu. Þegar þið spólið hann á spólu verður að spóla með litlum hraða og aðeins að spóla á hálfa spóluna.

Ath: *Sum efni innihalda mikil litarefni og geta litað út frá sér - einnig á vélina. Og það getur verið mjög erfitt að ná þessum litum úr flí eð af vélinni.*

*Flís og denim efni og þá sérstaklega rauð og blá innihalda oft gífurlegt magn af litarefnum.*

*Ef ykkur grunar að. efnkð/fullunna flíkin innihaldi mikið af litarefnum ráðleggjum við eindregið að þvo efnin/flíkina ´áður en þið farið að vinna með þau á vélinni.*



## Stöðugleikaefni

### Stöðugleikaefni sem hægt er að rífa frá saumnum.

Stöðugleikaefni sem hægt er að rífa eru notuð á sterk ofin efni. Setjið þau undir efnið sjálft þegar þið eruð að sauma skrautsauma á efni eða í útsaumsramma. Rífið umfram stöðugleikaefnið frá að saum loknum.

### Stöðugleikaefni sem hægt er að strauja á efnin og síðan að rífa frá.

Slíkt efni er mjög stöðugt og er með hlið sem hægt er að strauja við efnið sem verið er að sauma á. Það hentar vel fyrir prjón og önnur óstöðug og teygjanleg efni. Straujið þau á röngu efnisins áður en þið byrjið að sauma og/eða áður en þið spennið efnið í ramma. Rífið umfram stöðugleikaefnið frá að saum loknum.

### Stöðugleikaefni sem eru klippt frá

Þessi efni er ekki hægt að rífa frá saumnum heldur verður að klippa þau frá að saum loknum. Þessi efni eru ráðlögð fyrir prjón og öll önnur óstöðug efni sérstaklega þau sem eru spennt í ramma.

### Stöðugleikaefni sem eru leyst upp í vatni.

Þessi stöðugleikaefni eru sett ofan á réttu efnanna og saumað ofan á þau og eru aðallega fyrir prjón, frotté og slík efni sem eru með lykkkjuáferð. Þegar þið eruð að sauma út "klippivinnu" eru þessi efni sett undir efnin. Að saum loknum eru svo efnin sett í vatn og þá leysast stöðugleikaefnin upp. Þessi efni eru til í mismunandi þykktum.

### Stöðugleikaefni sem molna niður.

Þessi efni eru lauslega ofin efni sem eru notuð m.a. fyrir klippivinnu og jaðarvinnu. Þessi efni hverfa við hita.

### Límkennd stöðugleikaefni.

Þau eru notuð þar sem þið notið ramma og eru sérstaklega fyrir lítil efni sem ekki er hægt að spenna í ramma. Spennið þessi efni í ramma og klippið síðan pappírinn ofan af þeim og látið límkennda flötinn snúa upp. Látið litlu efnisbútana síðan límast við límkennda flötin á efnunum. Rífið umfram stöðugleikaefnið frá að saum loknum, eða ef um mjög lítil efni er að ræða getið þið rifið efnin varlega frá og síðan sett bút af sama stöugleikaefni yfir gatið á límkennda efninu.

## USB tengill

Vélin er með USB tengil þar sem þið getið sett USB minnislykil í samband.

*Ath: Fullvissið ykkur um að sá USB minnislykill sem þið notið sé með. sniðinu FAT32.*

**Tengið minnislykilinn við og takið hann beint út úr USB tenglinum.**

Setjið minnislykil í samband við tengilinn. Aðeins er hægt að setja USB myndlykil á einn hátt í tengilinn - Notið ekki afl til að tengja hann.

Til að fjarlægja hann - togið myndlykilinn beint út úr tenglinum.

*Ath: Fjarlægið minnislykilinn aldrei á meðan hann er að vinna.*



*USB tengill*



*Afturábak hnappur*

## Hvernig á að  uppfæra saumavélina.

Farið á heimasíðu okkar á www.pfaff.com og/eða hafið samband við PFAFF R umboðsaðila okkar til að kanna hvort komnar séu uppfærslur fyrir ykkar vél.

### Leiðbeiningar um uppfærslu

- Farið á PFAFF R heimasíðuna www.pfaff.com og leitið að ykkar saumavél. Hér komið þið til með að finna uppfærslur fyrir ykkar vél ef þær eru fyrirliggjandi.
- Halið þeim niður og setjið þær á USB minnislykil
- Fullvissið ykkur um að slökkt sé á ykkar saumavél. Tengið USB minnislykilinn ykkar með nýja hugbújnaðinum við USB tengilinn á ykkar vél.
- Ýtið á og haldið við afturábak hnappinn um leið og þið kveikið á vélinni.
- Uppfærslan byrjar samstundis og þið getið sleppt afturábak hnappnum þegar þið sjáið að uppfærslan er byrjuð.

  *Ath: Það gæti tekið allt að einni mínútu áður en  þið sjáið uppfærsluna birtast á aðgerðar reininni og getið sleppt afturábak hnappnum.*

  Þegar uppfærslunni lýkur mun vélin kveikja á sér á ný. Athugið númerið á uppfærslunni í stilli valmyndinni.

# Stillingar og hnappar vélarinnar 3

# Skjárinn

Skjárinn á PFAFF R saumavélinni er mjög auðveldur í notkun - snertið hann með skjápennanum eða fingri til að velja.  Að neðan lýsum við þeim táknum sem eru fyrir utan PFAFF R skjáinn. Svæðið mun ekki breytast í útliti þótt þið farið á milli mismunandi aðgerða.

## Skjárinn - yfirlit




### Skoðunar valmynd

Snertið þetta tákn til að opna skoðunar valmyndina Í skoðunar valmynd er hægt að velja sauma, leturgerðir, opna persónulegar skrár eða USB tæki .

### Stilli valmynd

Snertið táknið til að opna fyrir stilli valmyndina. Í þessari skoðun getið þið breytt sjálfgefnum stillingum og framkvæmt breytingar á stillingum vélarinnar og á stillingum fyrir sauma. Þið finnið upplýsingar um vélina einnig í stilli valmyndinni.

### Hraðhjálp

Vélin er með innbyggða hraðhjálp, sem gefur ykkur umsvifalaust upplýsingar um allt sem þið sjáið á skjánum. Snertið táknið fyrir hraðhjálpina til að opna hana. Spurningamerki mun koma upp á PFAFF R skjánum  Snertið hvaða tákn sem er, texta eða svæði á skjánum sem þið viljið fá upplýsingar um. Sprettigluggi kemur þá upp með stutta lýsingu. Snertið OK í hraðhjálpinni til að fara út úr henni.

### Hliðarspeglun

Speglið saum eða saumaröð lárétt með því að snerta táknið fyrir hliðarspeglun.

### Endaspeglun

Speglið saum eða saumatöð lóðrétt með því að snerta táknið fyrir endaspeglun.

### Eyða

Snertið táknið fyrir eyðingu ef þið viljið eyða saum, saumaröð eða möppu. Ef möppu er eytt, þá eyðast allar skrár sem eru í þeirri möppu Til að eyða öllum skrám og möppum í viðeigandi möppu þá haldið þið lengi við eyðingartáknið.

*Ath: Ekki er hægt að eyða innbyggðum saumum eða leturgerðum.*

## Stilli valmynd

í stilli valmyndinni getið þið breytt sjálfgefnum stillingum og framkvæmt handvirkar breytingar á stillingum vélarinnar.

Snertið táknin til að gera aðgerðina virka og til að opna lista yfir valkosti. Stillingarnar verða vistaðar jafnvel þótt þið slökkvið á vélinni.




## Stillingar á vél

### Tungumál

Snertið táknið fyrir tungumálin til að skoða þau tungumál sem eru fyrir hendi í vélinni. Veljið það tungumál sem þið viljið nota með því að snerta það.




*Sprettigluggi fyrir val á tungumáli*

### Hljóðmerki endurtekin

Þegar þetta er virkt mun vélin endurtaka viðvarirnar og koma með sprettiglugga með ákveðnu millibili þar til slökkt hefur verið á þeim.

### Skjálæsing

Ef hætta er á að þið séuð að rekast á skjáinn og breyta þar af leiðandi sporum, þá er hægt að læsa skjánum þannig að það komi ekki fyrir.

Þegar það er valið mun skjárinn læsast tíu sekúndum eftir síðustu snertingu. Skjárinn verður þá læstur þar til þið opnið hann aftur með því að snerta OK.




*Sprettigluggi til að læsa skjá*

### Kvarðið  skjáinn

Notandi vélarinnar getur kvarðað skjáinn hvenær sem er.

Snertið táknið fyrir kvörðun til að opna sérstaka skoðun fyrir PFAFF R kvörðun á skjánum. Farið eftir upplýsingum á skjánum þegar þið kvarðið hann.

## Sauma stillingar

### Tvíburanál

Snertið táknið fyrir tvíburanál til að opna lista yfir  nálarmillibilin á tvíburanálunum. Þegar þið veljið “tvííburanál” verður breiddin á öllum hliðarhreyfingum nálarinnar minnkuð til að koma í veg fyrir að nálarnar brotni. Stillingin verður óbreytt þar til þið slökkvið á valinu.

Sporbreiddin á viðkomandi saum verður sjálfkrafa aðlöguð að valinni tvíburanál. Vélin gefur frá sér viðvörunarhljóð ef þið veljið saum sem er of breiður fyrir viðkomandi tvíburanál. Veljið “off” á tvíburanála nálalistanum til að afvelja og fara eftur yfir í venjulega sauma aðgerð.




*Listi yfir breidd á tvíburanálum*

### Sporbreiddaröryggi

Veljið þessa aðgerð þegar þið notið saumfót og / eða stingplötu sem er eingöngu fyrir beint spor, en með því læsið þið nálinni eingöngu í miðju og fyrir beint spor. Sporbreiddar öryggið kemur í veg fyrir að þið stillið óvart á zik zak og gætuð þar með skemmt vélina.

Þegar þið kveikið á vélinni með þessa stillingu virka, og einnig ef þið reynið að stilla á aðra sauma, kemur sprettigluggi og lætur ykkur vita að vélin sé eingöngu stillt fyrir beina sauma. Afveljið sporbreiddar öryggið.

*Ath: Ekki er hægt að nota “tvíburanál” og “öryggi fyrir sporbreidd” samtímis.*



*Tákn fyrir sporbreiddar-öryggi*

*Tákn fyrir tvíburanál*

### Saumfótur - fótþrýstingur

Í sumum tilfellum gætuð þið þurft að breyta þrýstingnum á saumfótinn. Sérstakar sauma aðgerðir og mjög þykk efni gætu þarfnast breytinga á honum. Þeim mun hærri sem talan er - þeim munn meiri er þrýstingurinn á fótinn.




*Stjórn á þrýstingi á saumfót*

### Sjálfvirk fótlyfting

Þegar hún er valin verður sjálfvirk lyfting á saumfætinum gerð virk. Saumfætinum er þá lyft í sveifluhæð t.d. þegar vélin stöðvast með nálina niðri. Ef þetta er afvalið þá verður saumfóturinn niðri einnig þegar vélin stöðvast með nálina niðri.

### Klippingar á tvinna

Þegar klippingar á tvinna er valið verður tvinninn klipptur við eftirtaldar aðstæður.

- Við klippi-skipanir í saumum og saumaröðum

Ef þetta er afvalið mun vélin ekki klippa tvinnann.

*Ath: Afveljið þegar þið eruð að nota einhver áhöld sem fest eru í tvö götin sem eru í stingplötunni rétt fyrir ofan lokið yfir gríparanum til að koma í veg fyrir skemmd á hnífnum fyrir tvinnaklippuna.*

## Véla upplýsingar

Upplýsingaflipi vélarinnar inniheldur  númer hugbúnaðar, minni sem er fyrir hendi í vélinni og leyfis upplýsingar.




## Algeng  tákn

Sum tákn og sumar aðgerðir sem eru oft notaðar á skjánum Þær mest notuðu eru m.a.

### Skrunsleðinn

Snertið og dragið skrunsleðann til að fara upp eða niður til að skoða fleiri valkosti.



*Skrunsleðinn*

### Löng snerting

Sum tákn hafa fleiri aðgerðir og þau eru merkt með ör í neðra hægra horninu. Til að komast að þeim aðgerðum ýtið þið lengur á táknið.



*Löng snerting*

### OK og  hætta við

OK og hætta við eru notuð til að staðfesta stillingar eða val. Þau eru einnig notuð til að loka opnum gluggum.

Til að fara út úr ákveðinni aðgerð ýtið þið á “hætta við” táknið. Til að halda áfram ýtið þið á OK.



*Hætta við*




*OK*




# Hnappar og gaumvísar

## Saumfótur upp og í extra hæð

Snertið þennan hnapp til að lyfta saumfætinum Ýtið aftur á þennan hnapp og þá fer saumfóturinn í extra hæð og um leið fer nálin í efstu stöðu.

## Saumfótur niður og í sveifluhæð

Snertið þennan hnapp til að setja saumfótinn alla leið niður. Ýtið aftur á hnappinn til að lyfta honum í sveifluhæð. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður þegar þið byrjið að sauma.

## Byrja saum frá byrjun

Þegar þið stöðvið vélina í miðjum forrituðum saum eða skrautsaum ýtið þið á “byrja á saum” til að vélin byrji á viðkomandi saum alveg frá byrjun en byrji ekki að sauma hann inn í miðjum saumnum.

Ef þið ýtið á þennan valkost á meðan vélin er að sauma mun vélin ljúka við sauminn og síðan stöðvast.

## Hraðastýring

Þessi aðgerð auðveldar ykkur að minnka saumhraðann. Snertið þennan hnapp til að minnka hraða vélarinnar um helming. Til að setja vélina aftur á fullan hraða snertið þið hnappinn á ný.

Ýtið lengur á hnappinn og notið sleðann til að velja einhvern af fjórum forrituðum hröðum fyrir vélina.

Ákvarða ákveðinn hámarkshraða með sleðanum í sprettiglugganum. Næst þegar þið snertið hnappinn fyrir hraðastýringuna, mun hraðinn verða lækkaður í þann hraða sem þið völduð. Hraðinn verður sýndur efst í vinstra horninu á skjánum. Þið getið saumað án þess að loka sprettiglugganum.

## Tafarlaus hefting

Ýtið á tafarlausa heftingu og vélin saumar nokkur heftispor og stöðvast síðan.

Með því að snerta hnappinn fyrir heftingu aftur á meðan ljósið fyrir hana er logandi er hægt að afturkalla þessa aðgerð.

Hefti aðgerðina er hægt að forrita, sjá bls. 4:10.

## Nálin upp/niðri

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálina annað hvort upp eða niður. Stillingin um hvar nálin muni stöðvast breytist um leið. Þegar “nálin niðri” er virk kemur ljós á gaumvísinn fyrir neðan hnappinn, vélin stöðvast með nálina niðri og saumfætinum verður lyft í sveifluhæð.

Þið getið einnig snert fótmótstöðuna aðeins til að lyfta nálinni eða setja hana niður.




## Start/stop

Ýtið á þennan hnapp til að láta vélina byrja að sauma eða hætta að sauma án þess að nota fótmótstöðuna. Ýtið einu sinni á hnappinn til að láta vélina byrja að sauma og ýtið aftur á hann til að láta hana stoppa.

## Tvinnaklipping

Ýtið til að klippa bæði yfir og undirtvinnann.

Ef þið ýtið á hnappinn á meðan saumað er mun vélin sauma sauminn til enda, klippa tvinnana, áður en nálin fer í byrjunarstöðu fyrir næsta saum Vélin saumar nokkur heftispor, klippir yfir og undirtvinnann og lyftir bæði saumfæti og nál.

Hægt er að forrita tvinnaklippingar. Sjá bls. 4:10.

*Ath: Saumfætinum er ekki lyft eftir að vélin klippir tvinnana ef "sjálfvirk lyfting á saumfæti" hefur verið afvalin í stilli valmyndinni.*

*Tvinnaklippingar sem framkvæmdar eru af vélinni er hægt að afvelja í stilli valmyndinni.*

## Afturábak hnappur

Til að sauma stöðugt afturábak getið þið ýtt einu sinni á afturábak hnappinn áður en þið byrjið að sauma. Afturábak gaumljósið logar og vélin saumar afturábak þar til þið ýtið aftur á hnappinn til að hætta. Ef þið ýtið á afturábak hnappinn á meðan þið saumið, saumar vélin afturábak þar til þið sleppið hnappnum. Gaumljósið kviknar og logar svo lengi sem þið haldið hnappnum inni.

Afturábak er einnig notað þegar þið saumið handvirk hnappagöt, stoppið í göt, forritaðar heftingar og við "tapering" - mjókkandi og breikkandi spor.

## Gaumljós fyrir afturábak

Það logar á gaumljósinu fyrir afturábak svo lengi sem haldið er við hnappinn fyrir afturábak saum. Gaumljósið logar einnig þegar vélin saumar stöðugt afturábak.

## Aðgerðarvísir

Það kemur ljós á aðgerðarvísinn þegar framkvæma á einhverja aðgerð t.d. þegar verið er að sauma mjókkandi/breikkandi sauma. Logandi er á gaumvísinum þar til aðgerðin hefur verið framkvæmd.

# Sauma aðgerð 4

# Sauma aðgerð

Í sauma aðgerð. getið þið valið sauma, breytt þeim og saumað. Valinn saumur er sýndur á skjánum í raunstærð. Ráðleggingar og stillingar á vélinni eru sýndar efst á skjánum.

Sérhver aðgerð á PFAFF® skjánum hefur sin eigin litaform, til að gera ykkur auðveldara að rápa um og nota vélina.

## Byrjunar skjámynd

Þegar kveikt er á vélinni þá kemur upp byrjunar skjámynd og síðan opnar vélin fyrir sauma aðgerð.

# Sauma aðgerð - yfirlit




*Ath: Öll tákn og valkostir eru ekki sýnd á sama tíma*

## Skoðunar valmynd

Til að fara inn í skoðunar valmynd snertið þið táknið vinstra megin. Í skoðunar valmyndinni er valrein hægra megin sem er með táknum fyrir sauma, stafróf, persónulegar skrár og USB tæki. Lesið meira um persónulegar skrár og USB tæki í kafla 7.

Eftir að saumur eða stafur hefur verið valinn lokast skoðunar valmyndin. Valinn stafur í stafrófi opnast í glugga fyrir saumaröð.




## Velja saum

Veljið saum með því að snerta hann á skjánum. Notið skrun-örvarnar til að skruna í gegn um listann með saumunum.

Til að skoða alla flokkana,snertið þið táknið fyrir sauma-flokkana. Í hverjum flokki eru tveir eða fleiri undirflokkar. Í hverjum undirflokki er sýndur listi með saumum.




## Velja stafróf

Með stafrófinu getið þið einnig búið til heilu textana. Til að opna fyrir stafrófin snertið þið skoðunar valmyndina. Veljið það stafróf sem þið viljið skoða eða nota. Vélin er með fjögur innbyggð stafróf Talan hægra megin við hvert stafróf táknar stærð stafanna. Veljið stafróf með því að snerta það. Valið stafróf opnast í saumaröð. Lesið meira um saumaraðir í kafla 5.



## Spor stillingar

Vélin stillir sig sjálf á hentugustu stillingar. Þið getið gert ykkar eigin stillingar á völdum saum. Breytingarnar munu eingöngu hafa áhrif á valinn saum. Breyttar stillingar verða settar aftur á sjálfgefin gildi þegar þið veljið annan saum. Breyttar stillingar verða ekki vistaðar þegar þið slökkvið á vélinni. Þið getið hins vegar vistað breyttum saum í persónulegri valmynd til að geyma breytta sauminn.

Í sumum saumum getið þið breytt meira en einni stillingu. Þetta verður gefið til kynna með tákni í miðjunni á stýriglugganum. Snertið táknið á hnappnum til að skipta á milli mismunandi stillinga á saumum..

Ef hægt er að stilla jafnvægi í saum, kemur tákn um langa snertingu í neðra hægra horninu í miðjunni á stýriglugganum. Snertið táknið á hnappnum lengi til að opna jafnvægis stillinguna.

*Ath.: Í sumum saumum er hægt að stilla jafnvægið, en ekki hægt að skipta á milli tveggja saum-stillinga (breidd/staðsetningu) og/eða (lengdar/þéttleika). Eg þið snertið tákn á hnappi með langri snertingu mun saumstjórnin ekki breytast. Þetta gefur til kynna að ekki er hægt að skipta á milli þessara tveggja sauma.*

*Ath: Vélin gefur frá sér hljóðmerki ef reynt er að fara út fyrir takmörk minnstu og mestu stillinga í stýriglugganum. Sjálfgefin gildi eru sýnd í hvítu.*







## Sporbreidd

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota + eða - . Tölurnar fyrir ofan stýrigluggann sýnir sporbreiddina í mm.




## Spora staðsetning

Í ákveðnum saumum er táknið fyrir spora staðsetninguna sýnd í stað sporbreidd. Notið + til að færa nálina til hægri og - til að færa hana til vinstri. Talan fyrir ofan stýrigluggann sýnir nálarstöðuna í mm frá miðstöðu nálarinnar. Fyrir beinan saum er hægt að stilla nálarstöðuna í 37 mismunandi stöður.




Það er hægt að breyta nálarstöðunni á öllum saumum sem eru minni en 8 mm á breidd. Snertið táknið á hnappnum í miðjunni á breiddar / staðsetningar stýringunni til að víxla á milli breiddar og staðsetningar á nál. Nálarstöðu er aðeins hægt að breyta að takmörkum á sporbreidd viðkomandi saums. Breyting á nálar staðsetningu mun einnig takmarka stillingar á sporbreidd.

## Sporlengd

Lengið eða styttið sporlengdina með því að nota + og - táknin. Talan fyrir ofan stýrigluggann sýnir sporlengdina í mm. Ef þið lengið zik zak spor eða skrautsaum, þá verður heildarlengdin á þeim lengri. Ef þið lengið flatsaum, þar sem hægt er að stilla sporþéttleikann, þá verður heildarsaumurinn lengri en þéttleikinn mun halda sér.




## Sporþéttleiki

Sporþéttleikinn ákvarðar hversu nálægt hvert öðru zik zak sporin liggja í flatsaumum og skrautsaumum. Þéttleikinn hefur ekki áhrif á sporlengdina á saumnum.




Snertið + til að minnka þéttleikann. Snertið - til að auka þéttleikann. Talan fyrir ofan stýrigluggann sýnir fjarlægðina á milli flatsaumssporanna í mm.

*Ath: Þetta er oft notað þegar saumað er með sérstökum tvinna og þegar minni þéttleiki á að vera á milli sporanna.*

## Jafnvægi

Þegar saumað er á sérstök efni eða verið er að vinna með sértakri saumatækni, getur þurft að breyta jafnvægi saumanna. Ef hægt er að stilla jafnvægi í saum er það sýnt með tákni fyrir langa snertingu í stýriglugganum.

Til að tryggja góðan árangur, byrjið á því að sauma prufusaum á sama efni og þið ætlið að nota. Til að gera jafnvægi afturábak / áfram virkt, haldið þið lengur við hnappinn fyrir sporlengd / þéttleika. Til að gera jafnvægi til hliðanna virkt (720), haldið þið lengur við hnappinn sporbreidd / nálarstaða. Notið + og - táknin til að stilla jafnvægi í saumum.

*Ath: Einnig er hægt að stilla jafnvægi í hnappagötum.*



## Tvinnaspennan

Vélin stillir á hentugustu tvinnaspennu fyrir þann saum sem þið veljið. Hægt er að breyta tvinnaspennunni ef þið eruð að nota sérstakan tvinna. Snertið + til að auka og - til að minnka tvinnaspennuna á yfirtvinnanum.




*Tvinnaspennan*

### Rétt og röng tvinnaspenna

Fyrir besta útlit og endingu þarf tvinnaspennan að vera rétt stillt. Í almennum saumum eiga tvinnarnir að hnýtast saman á milli efnanna (A).

Ef undirtvinninn kemur upp á yfirborðið - þá er yfirtvinnaspennan of mikil. Losið aðeins á yfirtvinnaspennunni (B).

Ef yfirtvinninn er sýnilegur á röngunni, þá er yfirtvinninn of laus (C). A Aukið við yfirtvinnaspennuna.

Fyrir hnappagöt og skrautsauma á yfirtvinninn hins vegar að sjást á röngunni. Losið á tvinnaspennunni til að hann sjáist aðeins á röngunni.




## Speglun

Til að spegla saum eða saumaröð lárétt, snertið þið táknið fyrir hliðarspeglun. Til að spegla lóðrétt, snertið þið táknið fyrir endaspeglun.

*Ath: Ekki er hægt að spegla hnappagöt.*



# Vista í persónulegri valmynd.

Til að vista saum, snertið þið táknið “vista í persónulegri valmynd” í sauma aðgerð. Þið finnið vistaða sauma í flokki 10 (720)/8 (710) í persónulegu valmyndunum. Hver undirflokkur í persónulegu valmyndinni er með 10 staði til að vista sauma eða saumaraðir í. Veljið undirflokk sem þið viljið vista sauminn í. Allir áður vistaðir saumar verða sýndir í persónulegu valmyndinni.

Með skrun-örvunum getið þið skrunað í gegn um persónulegu valmyndina til að finna laust svæði fyrir sauminn.. Sérhvert svæði án saums er autt svæði og hægt að nota það til að vista nýja sauminn. Snertið staðsetninguna og saumurinn verður vistaður þar.

Sérhvert svæði með saum í er upptekið svæði. Þið getið hins vegar skrifað yfir eldri sauma sem eru vistaðir. Snertið einfaldlega þann saum sem þið viljið eyða og skrifa yfir. Sprettigluggi biður ykkur um að staðfesta að það eigi að eyða viðkomandi mynstri og skrifa yfir það. Hættið við vistunar ferlið með því að snerta táknið “hætta við”. Vistunarglugginn lokast og þið farið aftur á fyrri skjámynd.

*Vista í persónulegri valmynd.*







### Eyða saum

Ef þið viljið eyða einum saum, snertið þá “eyða” (A). Auðkennt grænt eyðingar tákn (B) kemur á skjáinn hægra megin að neðan og gefur til kynna að “eyðing” sé virk Snertið síðan þann saum sem á að eyða. Staðsetningin sýnir þá autt svæði. Til að fara úr eyðingar-aðgerð áður en þið veljið saum, ýtið aftur á “eyða”.

Haldið lengur við táknið ef þið viljið eyða öllu sem er í þessum undirflokki.

## Fríhendis valkostir

Hægt er að sauma alla sauma vélarinnar fríhendis, sem skapar alls konar áhrif.

Snertið táknið fyrir fríhendis valkostina til að opna glugga þar sem þið getið valið á milli þriggja fríhendis valkosta. Valinn fríhendis valkostur er sýndur efst á skjánum með valkosta tákni. Notið hraðhjálpina á táknið til að fá upplýsingar um núverandi stillingar.

Í öllum fríhendis mynstrum fer flytjarinn sjálfkrafa úr sambandi (720) og þið færið efnið sjálf til með höndunum.

*Ath: Fullvissið ykkur um að IDT ™efri flytjarinn sé ekki í sambandi.*

Lesið meira um fríhendis sauma á bls. 4.20.

*Tákn fyrir fríhendis valkosti.*

*Fríhendis valkostir*




### Gormasaumsfótur 6D fyrir fríhendis sauma.

Gerið vélina virka fyrir gormasaumsfót í fríhendis aðgerð og fyrir gormasaumsfót 6D, sem fæst sem aukahlutur, nr. 820-991-096. Gormasaumsfóturinn getur mælt þykkt efnisins og fóturinn lyftist og lækkar í hverju spori til að halda við efnið á meðan sporið er myndað.

*Ath: Mælt er með því að nota beint spor þegar gormasaumsfóturinn 6D er notaður. Gerið sporbreiddar öryggið virkt í véla stillingum.*



*Gormasaumsfótur 6D fyrir fríhendis sauma.*



*Gormafóts fríhendis*



*“Sensormatic” fríhendis.*

### Gormafóts fríhendis

Gerið gormafóts fríhendis aðgerð virka fyrir aukalegan gormafót. Gormafótur lyftist og fer aftur niður í hverju spori og heldur við efnið á stingplötunni á meðan sporið er myndað.

*Ath: Aukalega gormafætur er hægt að fá hjá PFAFF® umboðinu.*



**“Sensormatic” fríhendis.**

Virkið og stillið vélina á  “sensormatic” fríhendis aðgerð t.d. fyrir útsaums “sensormatic” fríhendis fót 6A.

Þegar þið saumið fríhendis á litlum hraða þá lyftist fóturinn og fer niður í hverju spori til að halda við efnið á stingplötunni á meðan sporið er myndað  Á meiri hraða, “flýtur” saumfóturinn ofan á efninu.

Ef efnið færist upp og niður með nálinni getur komið fyrir að vélin hlaupi yfir spor. Í slíkum tilfellum er hægt að lækka saumfótinn og minnka þar með bilið á milli fóts og efnis, og koma í veg fyrir að vélin hlaupi yfir spor..

Til að stilla hæðina á saumfætinum í “sensormatic” fríhendis aðgerð, haldið þá lengur við gátreitinn og framkvæmið breytingar í sprettiglugganum sem kemur upp.

*Ath: Gætið þess þó að lækka saumfótinn ekki of mikið. Það verður að vera hægt að færa efnið frjálslega undir fætinum.*

*Notið ekki gormafót ef “sensormatic” fríhendis- aðgerð er virk, þar sem nálin gæti skemmt fótinn.*




*Hæð á saumafæti*

# Heftingar valkostir

Þegar þið snertið táknið fyrrir heftinga valkostina kemur fram opnuauki til að gefa ykkur færi á að velja um þrjár mismunandi aðgerðir, heftingu í byrjun, heftingu í lokin og tvinnaklippingar.

Þegar þið hafið gert stillingar ykkar virkar, getið þið falið þessi þrjú tákn með. því að snerta heftingar tákn á valreininni á ný. Táknið fyrir heftingar valkostina sýnir stillingar ykkar með því að breyta litnum á völdum aðgerðum. Stilingarnar verða áfram virkar þar til þið slökkvið á þeim.

*Ath: Notið hnappinn fyrir tafarlausa heftingu en hún er staðsett með hnöppunum framan á vélinni.*

## Saumað með valda heftingar valkosti

1 Hefting í byrjun saums hefst um leið og þið byrjið að sauma.

2 Ýtið á afturábak hnappinn til að hefta í lok saums. Gaumljósið kviknar. Vélin lýkur við sauminn með heftingu.

Ef tvinnaklipping er forrituð, mun vélin sjálfkrafa klippa tvinnana eftir að hafa heftað í lok saumsins. Nálin og saumfóturinn fara í efstu stöðu.

*Ath: Til að gera afturábak virkt, stöðvið þið og ýtið á afturábak hnappinn. Það kviknar á gaumljósinu á afturábak hnappnum. Engin hefting verður saumuð.*

*Ýtið á afturábak hnappinn þegar þið eruð að sauma afturábak til að gera heftingu í lokin virka. Það kviknar á gaumljósunum fyrir afturábak og aðgerðina.*

*Til að fara aftur yfir á áfram saum, stöðvið þið afturábak sauminn og ýtið á afturábak hnappinn. Ekki logar á neinu gaumljósi og engin hefting verður saumuð.*









## Sauma valkostir

Með þessum valkostum getið þið gert mjókkandi / breikkandi sauma virka svo og einn saum, og bútasaums forritin. Þið getið saumað án þess að loka sprettiglugganum.

*Ath: Ekki er hægt að nota öll forrit á sama tíma.*




### Mjókkandi/breikkandi saumar (Tapering)

Í “tapering” er saumbreiddin ýmist mjókkuð eða breikkuð á meðan saumað er til að búa til samhliða og ósamhliða breytingar á breiddinni.

Gerið mjókkandi / breikkandi sauma virka með því að velja annaðhvort táknið fyrir “tapering”. Sjálfgefinn skái er 45 gráður. Snertið táknið lengur til að skoða val á gráðum sem í boði eru. Veljið þann gráðuhalla sem þið viljið nota og sama halla eða annan fyrir endann á saumnum.

Ef “tapering” er gert óvirkt og síðan virkt á ný, verður gráðuhallinn stilltur á áður valinn halla.

Þegar “tapering” er gerð virk bæði í byrjun og lok saums, og þið byrjið að sauma, þá verður sporbreiddin í byrjun 0mm. Sporbreiddin breikkar svo smám saman þar til valinni breidd er náð. Saumið óskaða lengd og ýtið þá á afturábak hnappinn. Svo verður sporbreiddin mjókkuð aftur þar til þið komið niður í 0mm. og aðgerðar gaumvísirinn á vélinni logar þar til saumnum er lokið.




*Sprettigluggar í mjókkandi/breikkandi saumum.*

### Forrit fyrir “einn saum” (720)

Gerið forritið fyrir “einn saum” virkt með því að snerta táknið. Eins saums forritið lætur ykkur ráða hversu oft þið viljið láta vélina endurtaka sauminn.

Notið táknið hægra megin til að stilla fjölda endurtekninganna. Fjölda endurtekninganna eru sýndar á milli + og - táknanna. Vélin stöðvast sjálfkrafa þegar fjöldi enurtekninganna hafa verið saumaðar.



### Bútasaums forrit (720)

Bútasaums forritið gerir ykkur kleift að forrita nákvæma lengd á saum sem hægt er að endurtaka. Þetta er mjög þægilegt þegar verið er að sauma bútasauma.

Til að forrita lengd á saum, gerið þið forritið fyrir bútasaum virkt. Saumið sauminn og ýtið síðan á afturábak hnappinn. Kveikt er á aðgerðar gaumljósinu þar til síðasti saumurinn í endurtekningunni hefur verið saumaður. Þetta ákvarðar lengdina á saumnum.

Eftir að þið hafið forritað bútasaumsröðina, verður táknið fyrir bútasaums forritið óvirkt. Forritið fyrir einn saum verður nú virkt í staðinn.




Eins saums forrit

Bútasaums forrit

### Sameinið mjókkandi/breikkandi sauma og bútasaums sauma fyrir eins saums forrit

Sameining á mjókkandi / breikkandi saumum og bútasaums saumum gerir kleift að endurtaka mjókkandi / breikkandi sauma í sömu lengd.

Gerið mjókkandi / breikkandi sauma virka með því að velja eitthvert af þeim táknum, og gera svo bútasaums saumana virka með því að snerta táknið. Farið eftir leiðbeiningunum fyrir mjókkandi / breikkandi sauma á síðunni hér á undan. Ef ýtt er á afturábak hnappinn verður kveikt á gaumljósinu á aðgerðarhnappnum þar til síðasti saumurinn í endurtekningunni verður saumaður.

Saumurinn er nú forritaður og eins saums forritið er virkt. Þegar þið byrjið að sauma verða saumarnir endurteknir með sömu lengd.

Fjöldi endurtekninganna í forritinu eru sýndar á milli + og - táknanna. Notið + og - táknin til að stilla lengdina á saumnum.

*Ath: Minnkandi/breikkandi saumur er innifalinn í endurtekningunum sem sjást á skjánum.*

## Saumaraðir

Snertið táknið til að opna saumaraðir. Í saumaröðum getið þið hannað og stillt röð af saumum og stöfum. Lesið um saumaraðir í kafla 5.




Sauma hönnuðs ™ aðgerðin

Saumaraðir

## Sauma hönnuður™ **aðgerð** (720)

Snertið táknið til að opnasauma hönnuðs ™aðgerðina. Sauma hönnuðs ™aðgerðin gerir ykkur kleift að hanna ykkar eigin 9mm spor og sauma eða breyta innbyggðu saumunum. Sérhverju spori er hægt að breyta. Lesið um sauma hönnuðs ™aðgerðina í kafla 6.

# Saumatækni

Sumt í þessari tækni þarfnast ef til vill sérstakra saumfóta og aukahluta.

## Rennilásar saumaðir í flík

Það eru mismunandi aðferðir við að sauma rennilása í flíkur. Farið því ávallt eftir þeim ráðleggingum sem fylgja sniðunum sem þið notið.

Við suma rennilása getur verið nauðsynlegt að sauma mjög nálægt tönnum lásanna. Rennilásafætinum nr. 4 er hægt að smella hvort sem er vinstra eða hægra megin á fóthölduna, allt eftir því hvernig þið ætlið að sauma rennilásinn við flíkina. Stillið nálarstöðuna síðan þannig að nálin stingi nálægt tönnum lássins með því að nota eina af 37 veljanlegri nálarstöðu sem er í vélinni.

*Ath.: Ef rennilásafóturinn er settur hægra megin á fóthölduna, þá á að færa nálina til vinstri. Og ef fóturinn er settur á vinstra megin á fóthölduna, þá á að .færa nálina til hægri.*



*Hægri hlið*



*Vinstri hlið*

## Faldar saumaðir á gróf efni.

Þegar þið saumið yfir þversauma á mjög þykkum efnum eins og t.d. gallabuxum, þá getur verið erfitt fyrir saumfótinn að fara yfir þversaumana.

Notið þá alhliða áhaldið til að jafna út mismuninn á hæð efnisins og þversaumsins þegar þið saumið faldinn. Önnur hliðin á áhaldinu er þykkari en hin. Notið þá hlið sem hentar best fyrir efnið sem þið eruð að sauma. Setjið efri flytjarann í samband - sjá bls. 2.8. Saumið faldinn þar til þið komið að þversaumnum. Lyftið saumfætinum og setjið alhliða áhaldið undir saumfótinn aftan frá áður en þið saumið áfram. Hægið á vélinni þegar komið er að þykkasta hluta faldsins. Þegar þið eruð á þykkasta svæði faldsins setjið þið áhaldið undir saumfótinn að framan og haldið áfram að sauma þar til þið hafið saumað yfir þykka þversauminn.



*Ráð: Það getur verið gott að lengja sporlengdina aðeins þegar verið er að falda þykk efni.*

## Þriggja þrepa zik zak spor.

Saum númer 1.1.7 er hægt að nota til að kasta jaðra. Athugið að nálin fari í gegn um jaðarinn þegar hún stingur niður vinstra megin en fari út fyrir jaðarinn .þegar hún stingur niður hægra megin.

Saum 1.1.7 er einnig hægt að nota sem teygjanlegan saum til að sauma teygjur á náttfatnað, pils og sportfatnað.



## Blindfaldur

Blindföldunarsaumur 1.1.14 er notaður fyrir blindfalda á pils, buxur o.fl. Notið fót nr.3 með IDT™efri flytjaranum.

- Kastið jaðarinn á faldinum.
- Brjótið og straujið breiddina á faldinum yfir á rönguna.
- Brjótið faldinn aftur þannig að um það bil 1 cm af efni standi út undan faldinum. Rangan á efninu á nú að snúa upp.
- Setjið efnið undir saumfótinn þannig að faldbrúnin renni meðfram stýringunni A.
- Þegar nálin sveiflast til vinstri í átt að faldbrúninni þá á hún aðeins að stinga lauslega í einn þráðinn af efninu. Ef sporin sjást á réttunni, stillið þá jaðarstýringuna A með því að snúa . stilliskrúfunni B þar til nálin rétt stingur í efnisbrúnina og sporið rétt sjáist eða sjáist ekki á réttunni.




### Teygjanlegur blindfaldur.

Teygjanlegi blindfaldurinn 1.1.15 hentar sérstaklega fyrir teygjanleg efni vegna þess að zik zak sporið í saumnum gefur aðeins eftir eins og efnið sjálft. Gengið er frá faldinum og jaðrinum í einum saum. Það er ekki nauðsynlegt að kasta jaðarinn áður en faldurinn er saumaður.



*Blindföldunar saumur 1.1.14*



*Teygjanlegur blindföldunar saumur 1.1.15*



## Hnappagöt

Hnappagöt finnið þið í flokki 1 undirflokki 1.3 í skoðunar valmyndinni.

*Ath: Með “sensormatic” hnappagatafætinum 5A getið þið saumað hnappagöt allt að 50mm á lengd. Báðir leggir hnappagatsins með “sensormatic” hnappagatafætinum eru saumaðir í sömu saumaátt, sem gefur hmappagatinu fallegra útlit.*

*Hnappagöt sem eru lengri en 50mm á lengd verður að sauma handvirkt í fjórum þrepum með fæti 5M.*

Saumaátt sporanna verður sýnd á skjánum með ör við hliðina á hnappagatinu.

Veljið fyrst réttan hnappagatafót og setjið á vélina. Til að tryggja góðan árangur, saumið þið ávallt fyrst prufuhappagat á sama efni og á að sauma hnappagatið á.

*Ath: Setjið IDT™ efri flytjarann í samband.*




### Setjið “sensormatic” hnappagatafótinn á vélina.

1. Setjið “sensormatic” hnappagatafótinn á vélina
2 Tengið snúruna frá fætinum í tengilinn á vélinni vinstra megin við nálarsvæðið fyrir aftan þræðarann (A).




### “Sensormatic” hnappagöt

Þegar þið saumið hnappagöt með “sensormatic” hnappagatafætinum stillið þá þannig að skurðarsvæðið verði aðeins lengra en talan er. Þið getið máltekið töluna á mælistikunni framan á vélinni.

Stillið lengd skurðarsvæðisins með því að nota + og - táknin. Setjið efnið undir saumfótinn og gætið þess að rauða örin sé á móts við raufina í fætinum (B). Byrjið að sauma með því að stíga á fótmótstöðuna eða ýtið á start/stop hnappinn. Vélin saumar hnappagatið nú sjálfvirkt. Þið getið svo endurtekið þetta sama hnappagat eins oft og þið viljið.




*Lengd á skurðarlínuj*



## Handvirkt hnappagat

Þegar þið saumið handvirkt hnappagat notið þið hnappagatafót 5M. Saumið fyrri legginn í þeirri lengd sem þið viljið hafa hann. Snertið afturábak hnappinn. Saumavélin saumar heftinguna og seinni legginn. Þegar leggirnir eru orðnir svo til jafnlangir ýtið þið á afturábak hnappinn og saumið seinni heftinguna.

## Endurtakið handvirkt hnappagat.

Þegar þið hafið saumað fallegt hnappagat, notið þið “endurtaka hnappagat” aðgerðina til að sauma fleiri svona hnappagöt. Svo lengi sem þetta tákn er valið, mun vélin geta endurtekið þetta hnappagat trekk í trekk. “Endurtakið hnappagatið” er eingöngu sýnilegt þegar þið saumið handvirk hnappagöt.

Til að hætta við aðgerðina, afveljið þið einfaldlega táknið.




*Endurtaka hnappagatið*

## Hnappagat með undirleggsþræði.

Hnappagöt með undirleggsþræði eru saumuð með þræpu undir leggjunum og líta betur út en flöt hnappagöt

1. Leggið þráðinn saman og krækið honum í hakið aftan á hnappagatafætinum 5M. Leggið þræaðinn síðan undir fótinn og fram undan honum.
2. Setjið hnappagatafótinn 5M á vélina.
3. Eftir að hafa saumað hnappagatið togið þið í endana´á þræðinum þar til lykkjan að aftan er komin inn í heftinguna þeim megin.
4. Þræðið endana síðan í handsaumanál og þræðið þá niður á röngu efnisins. Hnýtið þræðina saman á röngunni og klippið síðan.





## Töluáfesting

Til að festa tölur á flíkur fjarlægið þið saumfótinn og veljið sauminn “töluáfesting”. Flytjarinn fer sjálfkrafa úr sambandi.

Setjið töluna undir fóthölduna. Notið táknið fyrir hliðarspeglun til að fullvissa ykkur um að götin á tölunni séu í samræmi við hliðarsveiflu nálarinnar og að sporbreiddin sé í réttu hlutfalli við götin á tölunni. Ef nauðsyn krefur, breytið þið sporbreiddinni í samræmi við götin á tölunni..

Ef nauðsyn krefur, aukið eða minnkið fjölda sporanna sem festa töluna á efnið, með því að nota táknið “endurtekning spora”. Byrjið að sauma. Saumavélin saumar nú forritið.






*Ath.: Notið alhliða áhaldið til að búa til fót undir töluna. Þið getið einnig saumað með sérstökum töluáfestifæti sem er fáanlegur sem aukahlutur hjá PFAFF® umboðinu.*

## Stoppað í´göt

Að gera við lítið gat eða rifu í fatnaði áður en gatið eða rifan verða stærri, getur bjargað viðkomandi flík. Veljið fínan tvinna í lit sem er næst litnum á flíkinni.

1. Setjið efni eða strajið stöðugleikaefni undir gatið eða rifuna.
2 Veljið viðeigandi ístopps spor.
3 Byrjið að sauma yfir gatið vinstra megin við það.
4 Þegar þið hafið saumað yfir gatið, ýtið þið á afturábak hnappinn til að ákvarða lengdina á stopp-sporinu. Vélin lýkur sjálfkrafa við sauminn.
5 Það er sjálfgefið að vélin muni nú endurtaka sjálfkrafa sama stopp-ferning - haldið bara áfram að sauma.

   Ljós kemur á endurtekninga-táknið, sem gefur til kynna að endurtekning sé virk. Snertið táknið til að afvelja endurtekningarnar.



## Bútasaumur

Bútasaumar eru yfirleitt saumaðir á efsta lagið af þremur lögum af efnum, tvö lög af efni og síðan er vatt á milli efnanna.

Til að sauma þrjú lög af efnum saman, þá getið þið valið um fjölda sauma og saumtækni.

### Stingplata fyrir beint spor (720)

Setjið stingplötuna fyrir beint spor á vélina þegar þið saumið bútasauma með beinum sporum. Litla kringlótta gatið á stingplötunni fyrir beina sauma kemur frekar í veg fyrir að nálin geti ýtt efninu niður um gatið á stingplötunni, sérstaklega í byrjun og lok hvers saums.



### Bútasaums forrit (720)

Bútasaums forritið gerir ykkur kleift að forrita nákvæma lengd á saum sem hægt er að endurtaka. Þetta getur komið sér mjög vel í bútasaum, sérstaklega þegar þið eruð að sauma saman marga búta sem eru af nákvæmlega sömu stærð.

Skoðið bls. 4:12 um hvernig eigi að nota bútasaums forritið.




*Bútasaums forrit*

### Bútarnir undirbúnir

Klippið bútana úr efninu sem þið ætlið að nota og gerið ráð fyrir 6mm saumfari. Setjið 6mm bútasaumsfótirnn fyrir IDT™ efri flytjarann - staðsetjið efnið undir fætinum þannig að jaðarinn sé á móts við ytri brún á tánni á fætinum.

Strauið sauminn flatan til að læsa sporunum - opnið bútana síðan og strauið saumfarið í aðra áttina. Ef hægt er, strauið þá saumfarið í áttina að dekkra efni ef það er fyrir hendi.

Setjið bútana saman í samræmi við leiðbeiningar mynstursins. Leggið efnin síðan saman, efsta lagið með bútunum, vattefnið og neðsta lagið. Nælið lögin saman með títuprjónum.

### Bútasaumur með handavinnu útliti

1. Þræðið efnin þrjú saman með löngum þræðisporum.
2. Þræðið nálina með glærum "monofilament" tvinna. Notið rayon tvinna eða baðmullartvinna í sama eða öðrum lit á spóluna.
3. Smellið ráðlögðum saumfæti á vélina.
4. Setjið IDT™efri flytjarann í samband.
5. Veljið einn af handavinnu-útlits saumunum 2.1.1 - 2.1.15. Þessir saumar eru þegar stilltir með hærri tvinnaspennu til að. getað togað undirtvinnann af spólunni upp á yfirborðið og þannig ná fram þessu ímyndaða handavinnu útliti.

*Ath: Notið nál í grófleika 90 og fínan baðmullartvinna á spóluna þegar þið saumið þessa handavinnu útlits sauma. Þið gætuð aðeins þurft að laga tvinnaspennuna, allt eftir því hvers konar efni, vatt og tvinna þið eruð að nota Saumið ávallt prufusaum á afgangsefni til að skoða árangurinn og tvinnaspennuna.*




### Saumur í saumfari

"Saumur í saumfari" er annar valkostur til að sauma efnin þrjú saman. Þræðið efnin saman eins og lýst var hér áður. Smellið saumfæti 1A á vélina með IDT™ efri flytjarann í sambandi  Saumið ofan í sömu sauma á efninu og notið rauðu línuna á fætinum sem stýringu.

*Ath: Þið getið einnig notað  aukalega fáanlega saumfótinn "Saumað í saumfarið" fótinn fyrir IDT™ efri flytjarann nr. 820 925 095.*

### "Crazy" bútasaumur

Skreytið bútasauminn ykkar með skrautlegum saumum úr flokki 2:3. Saumana er hægt að sauma í svipuðum eða í allt öðrum litum allt eftir því hvað þið viljið gera.  Skrautlegur tvinni eins og rayon útsaumstvinni eða þá baðmullartvinni nr 30 eru stundum notaðir.



**Fríhendis punktasaumar**

Fríhendis punkta aðgerð er oft notuð í bútasaum.

Þessi aðgerð er notuð með flytjarann úr sambandi Þið færið efnið með höndunum og ákveðið þannig sporlengdina.

1. Stillið vélina á fríhendis saum með beinu spori. Setjið stingplötuna fyrir beinan saum á vélina. Snertið táknið fyrir fríhendis valkostina og veljið einn af þremur valkostunum (720).

*Ath: Lesið um hina ýmsu valkosti á bls. 4:8.*

2 Takið IDT™ efri flyrjarann úr sambandi og setjið réttan fríhendis fót á vélina miðað við þá tækni sem þið ætlið að nota. Takn um fótinn sem þið ætlið að nota er sýnt efst á skjánum.

3 Byrjið á því að næla allt bútasaums verkefnið saman með títuprjónum og byrjið ávallt út frá miðjunni og færið ykkur út á við. Setjið títuprjóna með 15-20 cm millibili.

*Ráð: Saumið fyrst prufusaum á afgangsefni. Það er nauðsynlegt að færa efnið í réttu hlutfalli við hraða vélarinnar til að koma í veg fyrir að sporin verði of löng eða of stutt. Jafn hraði verður einnig til þess að sporin verða svipuð á lengd. Til að. auðvelda þetta mælum við með því að þið minnkið hraða vélarinnar en stígið hins vegar fótmótstöðuna alltaf í botn.*

4. Byrjið að sauma út frá miðjunni. Takið fyrsta sporið og togið undirtvinnann upp á yfirborðið. Saumið nokkur spor þétt við hvort annað til að hefta tvinnana saman. Gerið aðgeðrina “nálin niður” virka

5 Undirbúið slóð til að sauma eftir og byrjið síðan að sauma punkta aðgerðina fríhendis. Haldið áfram þessum punktasaum þar til allir fletir eru búnir.

*Tákn fyrir fríhendis valkosti.*

*Fríhendis valkostir*









*Gormasaumsfótur 6D fyrir fríhendis sauma.*



*Gormafóts fríhendis*



*“Sensormatic” fríhendis.*

## Sérstök saumtækni

Sjötti flokkur saumanna inniheldur sauma fyrir sérstaka saumtækni eins og kertakveiks sauma og fleiri slíka. Sumt í þessari tækni þarfnast ef til vill sérstakra saumfóta og aukahluta. Þetta er gefið til kynna með tákni fyrir aukalegan saumfót.

*Ath: Snertiðhraðhjálp og veljið síðan saum í skoðunar valmyndinni til að sjá hvað þið þurfið að nota við valinn saum.*

*Táknin fyrir aukalega saumfætur*





## Stafl-saumar (720).

Saumið fallegar skreytingar í tveimur litum með því að nota þessa sauma. Þessir saumar samanstanda af pörum líkra sauma sem eru hannaðir til að saumast hver ofan á annan.

Saumið fyrsta sauminn og síðan þann næsta þannig að hann tengist þeim fyrri. Gætið þess að byrja alla sauma á sama stað.



## Eins borða saumar (720)

Aukið á skemmtilegt útlit skrautsaumanna ykkar með fallegu eins borða saumunum í vélinni ykkar.. Mjóir borðar eru fléttaðir inn í þessa sérstöku sauma um leið og þið saumið. Við mælum með 2-5mm 2-6mm borðum fyrir þessa tækni. Til að ná sem bestum árangri notið þið viðeigandi undirleggs eða stöðugleikaefni undir efnið.

1. Veljið viðeigandi saum í flokki 8:1. Gerið "nálin niðri" virkt Saumið fyrsta hluta mynstursins, og saumið þar til vélin stöðvast sjálfkrafa með nálina niðri.
2. Þegar þið byrjið að sauma sauminn, er nauðsynlegt að staðsetja borðann fyrir framan nálina í sama skáa og fyrri hluti var saumaður í. Sjá mynd 2. Haldið áfram að sauma þar til vélin stöðvast aftur.
3. Brjótið borðann yfir saumana og leggið hann yfir efnið þannig að hann sé aftur beint fyrir framan nálina. Haldið áfram að sauma þar til vélin stöðvast. Brjótið borðann á ný og staðsetjið hann aftur fyrir framan nálina og haldið áfram að sauma þar til vélin stöðvast . Endurtakið þetta þar til óskaðri lengd er náð.






## Tvöfaldur borða saumur (720)

Bætið fallegum afbrigðum við skrautsaumana t.d. með þessum tvöfalda borðasaum. Mjóir borðar eru fléttaðir inn í þessa sérstöku sauma um leið og þið saumið. Við mælum með 2-5mm 2-6mm borðum fyrir þessa tækni.  Til að ná sem bestum árangri notið þið viðeigandi undirleggs eða stöðugleikaefni undir efnið.

1. Veljið tvöfaldan borðasaum í flokki 8:1. Gerið “nálin niðri” virkt Notið “start/stop” hnappinn til að byrja að sauma. Vélin lýkur við fyrsta hlutann af saumnum og stöðvast sjálfkrafa með nálina niðri. Sjá mynd 1

2 Staðsetjið fyrsta borðann undir fætinum fyrir framan og látið hann snerta nálina í sama halla og saumurinn er. Haldið áfram að sauma þar til vélin stöðvast aftur. Sjá mynd 2.

3 Bætið hinum borðanum við og setjið hann fyrir framan nálina og látið hann krossa yfir þann fyrri og í sama halla og sporin eru.  Haldið áfram að sauma þar til vélin stöðvast. Sjá mynd 3.

4 Brjótið seinni borðann yfir sjálfan sig og staðsetjið hann fyrir framan nálina eins og áður - haldið áfram að sauma þar til vélin stöðvast. Báðir borðar eru nú á sömu hlið. Sjá mynd 4.

5 Brjótið nú fyrri borðann og togið hann fram fyrir nálina og látið hann krossast yfir seinni borðann - saumið þar til vélin stöðvast. Sjá mynd 5

6. Brjótið fyrri borðann á ný og staðsetjið hann fyrir framan nálina.  Haldið áfram að sauma. Þegar vélin stöðvast verða báðir borðarnir á sömu hlið á ný. Sjá mynd 6. Haldið áfram og notið vinstri borðann sem er staðsettur aðeins aftar og brjótið hann aftur yfir á hægri hliðina fyrir framan nálina. Saumið þar til vélin stöðvast. Brjótið sama borðann aftur til vinstri og haldið áfram að sauma. Endurtakið þar til réttri lengd er náð.

*Ráð: Þið eigið aldrei að hafa báða borðana hægra megin. Hægri borðann á að brjóta aftur yfir til vinstri áður en þið komið með seinni borðann til hægri .*








## Þrefaldur borða saumur (720)

Bætið fallegum afbrigðum við skrautsaumana, t.d. með þrefalda borðasaumnum. Mjóir borðar eru fléttaðir inn í þessa sérstöku sauma um leið og þið saumið. 2-10mm  borðar henta best fyrir þessa tækni. Til að ná sem bestum árangri notið þið viðeigandi undirleggs eða stöðugleikaefni undir efnið.



## Fljótandi saumar (720).

Fljótandi saumar framkalla sérstök áhrif þar sem tengisporin sjást ekki  Um er að ræða tvenns konar tækni til að framkvæma þetta.  Sú fyrri er að sauma með sérstökum aukafæti, styrkingarefni og svo efni sem er brotið saman. Seinni tæknin er saumuð með því að sauma tvö efni saman.

Saumað með þessum sérstaka aukafæti.

1. Brjótið efnið saman réttu á móti réttu og setjið stöðugleikaefni undir, og látið það standa út undan efninu sjálfu.
2 Setjið fótinn á vélina og setjið efri flytjarann í samband. Látgið brotbrúnina renna meðfram stýringunni á fætinum, og að fóturinn renni ofan á stöðugleikaefninu.
3 Þegar saumurinn er búinn, snúið þið efninu.

Saumið með fæti 1A.

1. Setjið tvö stykki af efnum saman réttu á móti réttu og setjið stöðugleikaefni undir.
2 Setjið saumfót 1A á vélina og efri flytjarann í samband. Byrjið að sauma og gerið ráð fyrir saumfari.
3 Þegar saumnum er lokið opnið þið efnin, togið lauslega í þau til að sjá fljótandi sauminn.

Saumað með saumfæti 1A - endurtakið þrep 3 hér að ofan.





# Algengir sprettigluggar

## Undirtvinninn að klárast

Þegar undirtvinninn er að verða búinn kemur upp sprettigluggi þar sem varað er við því að tvinninn á spólunni sé að klárast. Þetta gefur ykkur tækifæri á að skipta um spólu. Ef þið viljið hins vegar halda áfram að sauma stígið þið á fótmótstöðuna án þess að loka glugganum. Þegar þið eruð búin að skipta um spólu, snertið þið OK í sprettigluganum.




## Fjarlægið “sensormatic” hnappagatafótinn.

Fjarlægja þarf “sensormatic” hnappagatafótinn áður en þið framkvæmið eitthvað af eftirtöldu:

- Sauma saum sem ekki er hnappagat.
- Sauma hnappagat sem ekki er hægt að sauma með “sensormatic” hnappagatafætinum.
- Sauma breytt hnappagat sem hefur verið vistað án “sensormatic” hnappagatafótsins í persónulegu valmyndinni ykkar.




## Vélina þarf að hvíla

Ef vélin stöðvast og þessi sprettigluggi kemur á skjáinn, þá þarf aðeins að hvíla vélina - gæti t.d. hafa hitnað of mikið. Þegar þetta OK tákn er virkt getið þið haldið áfram að sauma. Þetta hefur engin áhrif á saumaskapinn almennt.



# Saumaraðir 5

# Saumaraðir

Þið getið sameinað sauma og/eða stafi og tölustafi til að búa til saumaraðir. Blandað saman hinum ýmsu stöfum og innbyggðum saumum, eða frá utanáliggjandi tækjum. Saumar sem eru búnir til í Sauma hönnuði er einnig hægt að nota í saumaröðina.

*Ath: Ef þið blandið mjókkandi//breikkandi (tapering) saum við aðra sauma í röðinni verður ekki hægt að mjókka/ breikka það. Ef þið á hinn bóginn notið eingöngu mjókkandi/ breikkandi sauma í röðina verður hægt að mókka/breikka alla saumana.*

## Saumaraðir - yfirlit




*Ath: Öll tákn og valkostir eru ekki sýnd á sama tíma*

# Opnað og  farið út úr saumaröðum

Til að opna, snertið þið táknið fyrir saumaraðir á valreininni. Til að loka saumaröðinni og sauma hana, snertið þið OK í efra hægra horninu í glugganum fyrir saumaröðina.

*Ath: Þið getið einnig lokað saumaröðinni með því að ýta á fótmótstöðuna eða með því að ýta á start/stop hnappinn.*

Ekki er hægt að nota alla sauma í saumaröð. Sprettigluggi kemur upp ef reynt er að setja inn saum sem ekki er hægt að setja í saumaröð.




# Saumaröð hönnuð

Til að byrja á saumaröð, farið þá í skoðunar valmyndina og leitið að fyrsta saumnum eða stafnum sem nota á í röðina




### Hanna saumaraðir

Opnið skoðunar valmyndina. Notið skrunörvarnar til að skruna í gegn um listann með saumunum. Snertið saum í valmyndinni til að setja hann í röðina. Snertið táknið fyrir saumaflokkana til að sjá yfirlit yfir alla flokka.

### Búa til saumaröð með bókstöfum

Opnið skoðunar valmyndina. Snertið stafrófin til að fá upp glugga með stafrófunum. Veljið það stafróf sem þið viljið nota í saumaröðina.

Snertið táknið fyrir tegund stafrófs til að skipta á milli upphafs og lágstafa, talna eða sérstakra tákna. Færið bendilinn um saumaröðina með áfram og afturábak örvunum. Snertið táknið “eyða” til að eyða staf eða tákni. Haldið hnappnum lengur inni til að eyða allri saumaröðinni.

Virk staða er merkt með bendlinum og valinn stafur eða saumur er í grænum lit. Nýir saumar verða settir inn þar sem bendillinn er staddur.. Aðeins er hægt að breyta innsettum saum.



## Setja inn saum eða staf

Færa bendilinn þar sem bæta á inn saum eða staf Veljið viðkomandi saum eða staf. Saumurinn verður staðsettur þar sem bendillinn er.

## Stilla texta og sauma

Þið getið speglað, stillt lengd og breidd eða breytt þéttleika og staðsetningu viðkomandi saums. Með sumum saumatáknum er hægt að skipta á milli tveggja valkosta (breidd/staðsetning) og/eða (lengd/þéttleika). Það er gefið til kynna með tákni í miðjunni á stjórnfletinum. Víxlið á milli þessara tveggja valkosta með því að snerta táknið sem er í miðju stjórnflatarins Stillingarnar eru alveg eins og í sauma aðgerð

## Eyða saum eða staf

Ef þið viljið eyða saum, færið þið bendilinn á sauminn sem eyða á og snertíð síðan táknið fyrir eyðingu. Notið langa snertingu ef þið viljið eyða allri saumaröðinni.

## Skipta um saum eða staf

Til að skipta um saum, veljið þið sauminn sem á að fjarlægja og ýtið á "eyða", og setjið síðan nýjan saum inn í staðinn. Saumurinn verður staðsettur þar sem bendillinn er.




# Skipanir í saumaröð

Þið getið sett inn heftingar, stop og tvinnaklippingar í saumaröðina. Þessar skipanir verða alltaf til staðar í saumaröðinni og verða framkvæmdar í hvert sinn sem þið saumið hana.

Færið bendilinn á þann stað sem þið viljið bæta inn skipun. Veljið skipunina og tákni verður bætt inn í saumaröðina. Það staðfestir að skipun hefur verið bætt inn og sýnir einnig á hvaða stað þessi skipun er staðsett og hvar hún verður framkvæmd.

Notið hefti skipanir ef þið viljið örugga heftingu á saum. Þið getið sett inn skipun um tvinnaklippingu hvar sem er í röðinni.

Setjið inn klippiskipanir ef þið viljið að vélin hefti og klippi síðan tvinnana og lyfti saumfætinum.

Setjið inn stop skipun þegar þið viljið að vélin stoppi á ákveðnum stað. Þetta kemur sér vel t.d. við endann á saumaröðinni þegar þið viljið aðeins sauma hana einu sinni.






## Hlaða inn og sauma saumaröð

Til að hlaða saumaröðinni inn snertið þið OK í efra hægra horninu á glugganum fyrir saumaröðina. Saumarðöin verður þá sett inn í sauma aðgerð

*Ath: Þið getið einnig lokað saumaröðinni með því að ýta á fótmótstöðuna eða með því að ýta á start/stop hnappinn*

Í sauma aðgerð er hægt að byrja að sauma saumaröðina hvar sem þið eruð stödd í röðinni. Notið örvarnar til að færa bendilinn til í röðinni.

Ef þið veljið annan saum í sauma aðgerð og farið svo aftur inn í saumaröðina, þá verður hún óbreytt þar til staðar.  Í hvert sinn sem saumaröð er lokað, verður hún sett inn aftur í sauma aðgerð.



*Örvar (færa bendilinn fram og til baka í saumaröðinni)*

### Stilla alla  saumaröðina

Stillingar sem framkvæmdar eru í sauma aðgerð hafa áhrif á alla saumaröðina. Samt sem áður verða þessar breytingar ekki vistaðar ef þið farið aftur inn í saumaröðina. Til að stilla einstaka sauma í saumaröðinni verðið þið að fara aftur ínn í hönnun á saumaröð.

## Saumaröð vistuð

Vistun á saumaröð, með ykkar persónulegu breytingum er framkvæmd í sauma aðgerð. Veljið hönnun á saumaröð með því að ýta á OK í efra hægra horninu á glugganum fyrir saumaröðina.

Vistið röðinni með því að snerta táknið "vista í persónulegri valmynd".  Þið getið skrunað í gegn um persónulegu valmyndina til að finna laust svæði. Sérhvert hólf eða box án saums er auð staðsetning og þar er því hægt að vista nýja sauma. Snertið þessa staðsetningu og þá verður saumurinn vistaður á þeim stað.

Sérhver staður eða box með saum er frátekin staðsetning. Þið getið hins vegar skrifað eða vistað yfir eldri saum. Snertið einfaldlega þann saum sem þið viljið skrifa yfir. Sprettigluggi kemur upp og biður ykkur um staðfestingu á því að þið ætlið að skrifa yfir fyrri sauminn. Hættið við að vista og skrifa yfir með því að ýta á táknið fyrir eyðingu.




### Eyða saumaröð

Ef þið viljið eyða aðeins einum saum, snertið þá fyrst eyðingartáknið (A). Auðkennt grænt eyðingartákn (B) kemur í ljós neðan til hægra megin og gefur til kynna að eyðing sé virk. Snertið síðan þann saum sem þið viljið eyða. Og hann hverfur af sínum stað. Til að fara út úr eyðingu áður en þið veljið saum, snertið þið eyðingartáknið á ný.

Löng snerting á eyðingartákninu mun eyða öllum undirflokknum sem þið völduð.



# Áríðandi upplýsingar fyrir saumaröð

### Stillingar á saumaröð

Stillingar sem framkvæmdar eru í sauma aðgerð hafa áhrif á alla saumaröðina. Samt sem áður verða þessar breytingar ekki vistaðar ef þið farið aftur inn í saumaröðina. Til að stilla einstaka sauma í saumaröðinni verðið þið að fara aftur ínn í hönnun á saumaröð.

### Saumaraðir í Spora hönnuði ™ (vél 720)

Saumaröð er hægt að opna í Spora hönnuði ™og breyta henni þar. Athugið að þegar þið framkvæmið þetta, þá verður saumaröðin öll einn saumur Þegar þið opnið hönnun á saumaröð á ný þá verður ekki hægt að breyta neinum af fyrri saumum í saumaröðinni. Öll saumaröðin er nú orðin að einum saum.

# Algengir sprettigluggar í saumaröðum

### Ekki breytanlegur saumur eða spor.

Suma sauma er ekki hægt að setja inn í saumaröð t.d. ekki hnappagöt.




### Saumaröðin er orðin of löng.

Saumurinn sem þið eruð að reyna að setja inn mun gera röðina of langa.

Forrituð saumaröð getur verið allt að 500mm löng og verið með allt að 99 sauma. Ef saumaröðin ykkar verður of löng eða ef hún inniheldur of marga sauma, mun sprettigluggi láta ykkur vita af því.



# Spora hönnuður ™ kostir 6

*aðeins* quilt expression™ 720

## Spora hönnuður ™ **kostir**

Í Spora hönnuðs ™ kostum getið þið hannað algjörlega nýja sauma og stillt hvern saumapunkt. Aðlagað og hannað ykkar eigin spor Bætt inn, fært og sameinað spor beint á skjánum Þið getið einnig bætt inn innbyggðu saumunum og síðan breytt þeim og
þannig búið til ykkar eigin saum eða spor.

Mesta breidd á hverjum saum er 9mm og lengsta sporlengd er 6mm Rúðunetið og lóðrétta miðjulínan hjálpa ykkur við hönnunina. Saumurinn ykkar getur verið allt að 500mm langur og hægt er að geyma hann í persónulega minninu.

## Spora hönnuðs™**aðgerðar -yfirlit**



## Opnið og farið út úr Spora hönnuðs™ kostinum

Til að opna snertið þið bara Spora hönnuðs ™ táknið á valreininni. Til að lokaSpora hönnuðs ™ kostinum og sauma hannaðan saum snertið þið OK efst hægra megin á skjánum.

*Ath: Ef saumurinn er tilbúinn fyrir saum, getið þið líka lokað opinni aðgerð með því að ýta á fótmótstöðuna, eða ýta á start/stop hnappinn.*

Suma sauma er ekki hægt að nota með Spora hönnuðs ™ aðgerðinni. Ef þið reynið að velja eitt af þessum sporum mun sprettigluggi koma fram og láta ykkur vita.




Spora hönnuður ™ *kostir*

## Skilgreining á saumapunkti

Saumapunktur er sá staður þar sem nálin fer í gegn um efnið. Saumapunktar eru tengdir saman með sporum,.

Hver saumapunktur er gefinn til kynna með grænum punkti. Valinn saumapunktur er gefinn til kynna með útlínum fernings. Merktur saumapunktur er gefinn til kynna með uppfylltum ferning.

*Nýr saumapunktur*

*OK, loka* Sauma hönnuðs™*aðgerð*




*Valmynd*

## Byrjið að hanna -bætið inn saum eða saumapunkti.

Til að bæta nýjum saumapunkti við, snertið þið táknið fyrir punktana. Þið getið einnig bætt við innbyggðum saum úr valmyndinni.

## Veljið saumapunkta.

Til að velja saumapunkt veljið þið hann á skjánum með skjápennanum, eða notið örvarnar.  Ef þið veljið fleiri en einn saumapunkt með skjápennanum, munu sporin á milli þessara tveggja punkta verða sjálfkrafa valin og merkt með grænum lit (A og B á myndinni).

Þið getið einnig valið saumapunkta með því að gera “velja saumapunkta” virkt. Snertið fyrst hnappinn sem er í miðjunni. Utan um táknið fyrir hnappinn kemur nú grænn hringur sem sýnir að það sé virkt. Notið nú örina upp til að velja saumapunkta á undan þeim sem er merktur og síðan örina niður til að velja saumapunkta sem koma á eftir þeim merkta.

*Ath: Þegar þið veljið saumapunkta með örinni upp þá getið þið afvalið þá með örinni niður.*

Fyrsta talan fyrir ofan “velja sauma punkt” reitinn er merkti saumapunkturinn. Seinni talan sýnir heildarfjölda saumapunkta.




*Velja saumapunkt*

## Afrita valinn saumapunkt

Ef þið viljið afrita saumapunkt(a), veljið þið saumapunktinn eða punktana og notið afritunar táknið til að afrita hann eða þá.

Ef nokkrir saumapunktar eru valdir, verða þeir allir afritaðir og settir inn fyrir aftan merkta saumapunktinn.




## Setjið inn nýjan saumapunkt

Snertið táknið til að setja inn einn saumapunkt. Tveir saumapunktarnir munu búa til nýtt spor.

## Þrefalt spor

Snertið táknið fyrir þrefalt spor og valinn saumur eða saumar verða þrefaldaðir.

*Ath: Verða aðeins virkjaðir ef fleiri en einn saumapunktur hefur verið valinn.*



Þrefalt spor

## Hliðarspeglun

Valdir saumapunktar verða speglaðir lárétt.



Hliðarspeglun

## Endaspeglun

Valdir punktar verða speglaðir lóðrétt.

*Ath: Verða aðeins virkjaðir ef fleiri en einn saumapunktur hefur verið valinn.*



Endaspeglun

## Eyða völdum saumapunkti

Ef þið viljið eyða einum saumapunkti, veljið þið hann og snertið síðan táknið fyrir eyðingu. Ef fleiri en einn saumapunktur eru valdir, þá verður þeim öllum eytt þegar ýtt er á táknið fyrir eyðingu.

Snertið eyðingartáknið lengi ef þið viljið eyða öllum saumapunktunum á fletinum.

# Snerti aðgerðir

Notið skjápennann til að framkvæma breytingar beint á skjánum, með því að snerta og draga til á saumafletinum. Þið getið flakkað og fært allt eftir því hvaða snerti aðgerð er virk. Þið getið einnig notað örvarnar á hjólinu til að framkvæma nákvæmar stillingar.




### Færa

Þið getið fært valið spor eða sauma punkt með því að nota skjápennann á skjáinn eða með því að nota örvarnar á hjólinu.

### Súmmað/flakkað

Þegar þið notið táknið fyrir súmm/flakk, þá verður áherslan á merkta saumapunktinum. Flakk verður virkt. Notið skjápennann til að flakka um skjáinn.

*Ath: Þið getið ekki flakkað fyrir utan saumaflötinn þ.e.a.s.þegar kvarðinn er 100% eða minni, getið þið heldur ekki flakkað til hliðanna.*

Bilin á rúðufletinum samsvara 1 mm á efninu. Notið örvarnar á hjólinu til að súmma að og frá. Ef þið súmmið að á saumafletinum, þá verða línurnar á rúðufletinum mjórri. Biiið á milli línanna verður þá 0,5mm. Ef þið súmmið frá verða eingöngu útlínur saumaflatarins sýnilegar.




# Staða merkts saumapunkts

Talan til vinstri fyrir ofan hjólið sýnir raunstöðu nálarinnar frá miðjunni fyrir merktan saumapunkt (A).

Talan til hægri fyrir ofan hjólið sýnir raunverulega flutningslengd frá fyrri sauma punkti (B).






## Hlaða inn og sauma saum.

Til að sauma hannaðan saum snertið þið OK í efra hægra horninu í Spora hönnuðs™aðgerðarglugganum Saumurinn verður hlaðinn inn í sauma aðgerð og hægt að sauma hann.

Ef þið veljið annan saum í sauma aðgerð og opnið síðan Spora hönnuðs ™aðgerðina á ný, mun hannaði saumurinn ykkar vera þar óbreyttur. Í hvert sinn semSpora hönnuðs™aðgerðinni er lokað verður viðkomandi saum hlaðið inn í sauma aðgerð.




*Vistið í persónulegu valmyndinni.*

## Vista saum

Vistun á saum er framkvæmd í sauma aðgerð LokiðSpora hönnuðs™aðgerðinni með því að snerta OK í efra hægra horninu á skjánum. Vistið sauminn með því að snerta táknið fyrir persónulegu valmyndina.

Þið finnið vistaða sauma í flokki 10, persónulegri valmynd Hver undirflokkur í persónulegu valmyndinni er með 10 staði til að vista ykkar eigin sauma eða saumaraðir. Veljið þann undirflokk þar sem þið viljið vista sauminn í. Allir áður vistaðir persónulegir saumar eru sýndir í persónulegu valmyndinni.




## AlgengirSpora hönnuðs™sprettigluggar

### Ekki er hægt að breyta þessum saum.

Sumum saumum er ekki hægt að breyta íSpora hönnuðs™aðgerð. Ekki er hægt að opna hnappagöt og Maxi sauma í Spora hönnuðs™aðgerð.




### Röðin er of löng

Forritaður saumur getur verið allt að 500mm á lengd. Ef saumur eða saumaröð verður of löng kemur þessi sprettigluggi upp og lætur ykkur vita.

Saumurinn eða saumapunkturinn sem þið eruð að reyna að setja inn gerir sauminn of langan.



# Persónulegar skrár 7

# Persónulegar skrár

Notið persónulegar skrár til að skipuleggja, bæta við, færa, fjarlægja og afrita skrárnar ykkar.  Notið annaðhvort innbyggða minnið eða utanáliggjandi tæki sem tengt er við vélina til að geyma skrárnar.

## Persónulegar skrár - yfirlit




### Tiltæktminni

Í innbyggða minninuer hægt að geyma skrárnar ykkar. Opnið stilli valmyndina til að athuga hversu mikið minni er fyrir hendi í innbyggða minninu. Snertið “véla upplýsingar” á valreininni hægra megin.



## Fletta persónulegum skrám

Til að opna persónulegar skrár þarf fyrst að opna valmyndina  Veljið persónulegar skrár á valreininni hægri megin við skjáinn.

Hannið möppur og flokkið persónulegu skrárnar þannig að þið getið fundið þær á auðveldan hátt.




### USB tæki

Þið getið kannað innihald USB tækja, sem eru tengd við USB tengil vélarinnar.  USB táknið er aðeins virkt ef USB tæki er tengt við USB tengilinn.

Snertið USB tækið til að sýna innihaldið á valfletinum.  Skrárnar eru sýndar í smámyndum eða með táknum.

### Listi / Smámyndir

Snertið skoðunartáknið fyrir listann / smámyndirnar til að sýna skrárnar ásamt betri eða nánari upplýsingum um þær.  Sérhver skrá og skráarnafn og gerð koma þá fram.  Snertið skoðunartáknið fyrir listann/smámyndirnar til að skipta á milli yfir í smámyndaskoðun.




## Opna möppu

Haldið lengi við möppu til að opna hana í persónulegum skrám.  Innihald möppunnar verður þá sýnt á skjánum.




## Færa upp um eitt möppuþrep

Notið táknið til að færa upp um eitt þrep til að skoða öll þrep möppunnar.  Þannig getið þið flett upp alla möppuna.  Á skjánum sjáið þið skrár og möppur sem eru á hverju þrepi.

# Skipuleggja

### Hanna nýja möppu

Snertið táknið “hanna nýja möppu” til að búa til nýja möppu. Sprettigluggi opnast fyrir nafnið á nýju möppunni.

### Færa skrá eða möppu

Notið klippa og líma til að færa skrá eða möppu á annan stað. Veljið viðkomandi skrá eða möppu og snertið síðan “klippa”. Opnið möppuna þar sem þið viljið staðsetja skrána eða möppuna. Snertið “líma”.

### Afritið skrána eða möppuna.

Notið “afrita” og “líma” til að afrita skrá eða möppu á annan stað. Veljið viðeigandi skrá eða möppu og snertið síðan “afrita”. Opnið möppuna þar sem þið viljið staðsetja skrána eða möppuna. Snertið “líma”.

### Eyða skrá eða möppu

Til að eyða skrá eða möppu, merkið þið þau og snertið síðan “eyða”. Sprettigluggi kemur upp og biður ykkur um staðfestingu. Ef möppu er eytt, þá eyðast allar skrár sem eru í þeirri möppu

Til að eyða öllum skrám og möppum í viðeigandi möppu þá haldið þið lengi við eyðingartáknið.

### Endurskíra skrá eða möppu

Veljið viðeigandi skrá eða möppu sem þið ætlið að skíra á nýjan leik - snertið síðan táknið fyrir endurskírn til að opna sprettiglugga þar sem þið getið skrifað nýtt nafn.




## Algengirsprettigluggarí persónulegum skrám

### Fyrirliggjandi minni er lítið

Hægt er að geyma skrár í innbyggða minni vélarinnar.  Þegar minnið er orðið fullt getið þið fært skrár eða möppur í utanáliggjandi tæki með því að nota “klippa” og “líma” aðgerðirnar.

Þegar aðeins er lítið minni eftir í vélinni lætur vélin vita af því einu sinni.  Ef þið haldið áfram eð setja inn i minni vélarinnar, þá lætur vélin ykkur ekki vita aftur fyrr en minnið er alveg orðið fullt.




### Kerfið upptekið

Þegar vélin er að hlaða inn, vista, færa skrár eða eitthvað annað sem getur tekið tíma þá kemur “kerfið upptekið” í sprettiglugga.



# Viðhald 8

# Vélin hreinsuð

Til að halda vélinni í góðu lagi þurfið þið að hreinsa hana oft. Ekki þarf að smyrja þessa vél.

Strjúkið vélina að utan með hreinum og mjúkum klút til að hreinsa ryk og ló af henni.

*Ath: Notkun á hreinsiefnum á vélina getur skemmt plasthlutina framan á vélinni.*



### Hreinsun á gríparasvæðinu

⚠ *Ath: Takið flytjarann úr sambandi með því að ýta á "saumfótinn upp og í extra hæð". Slökkvið á vélinni.*

Fjarlægið saumfótinn og lokið yfir gríparanum. Setjið skrúfjárn undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni og snúið því varlega þar til stingplatan smellur upp. Hreinsið flytjarann með burstanum sem fylgir með vélinni.




### Hreinsað undir gríparasvæðinu

Hreinsið svæðið undir spólunni í hvert sinn sem þið hafið notað vélina í nokkur skipti eða í hvert sinn sem þið sjáið að óhreinindi og ló hafa safnast fyrir þar.

Fjarlægið spóluhúshölduna (A) sem hylur fremri hluta spóluhússins og lyftið því upp. Fjarlægið spóluhúsið (B) með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með burstanum.

⚠ *Ath: Farið varlega þegar þið hreinsið í kring um hnífinn fyrir tvinnaklippuna.*

Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sína staði.

*Ath: Notið aldrei loft til að blása inn í þetta svæði. Þá getur lóin og óhreinindin bara farið lengra inn í vélina.*

### Stingplatan sett á vélina

Með flytjarann úr sambandi setjið þið stingplötuna aftur á vélina log gætið þess að hakið falli í raufina að aftan (D). Þrýstið á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað. Setjið lokið yfir gríparann.




# Notið eingöngu "original" hluti í þessa vél

Ábygð vélarinnar getur fallið niður ef þið notið hluti frá öðrum framleiðendum.

# Gangtruflanir og ráð við þeim

Hér getið þið e.t.v. fundið lausn á þeim vandamálum sem upp geta komið. Þið getið fengið frekari upplýsingar hjá PFAFF® umboðinu, sem mun fúslega reyna að hjálpa ykkur.

| Vandamál/orsök | Lausn |
|---|---|
| **Almenn vandamál** | |
| Spóluviðvörunin vinnur ekki | Hreinsið ryk og ló úr gríparasvæðinu og munið að nota eingöngu PFAFF R spólur sem eru hannaðar fyrir þessa vél. |
| Tvinnaklippurnar klippa ekki tvinnana? | Fjarlægið stingplötuna og hreinsið svæðið í kring um spólusvæðið.<br>Gerið sjálfvirka klippingu virka í stilli valmyndinni. |
| Efnið færist ekki? | Fullvissið ykkur um að vélin sé ekki stillt á fríhendis aðgerð. Sjá kafla 4. |
| Rangt spor, óreglulegt eða of mjótt spor? | Stilling fyrir tvíburanál í sambandi, sporbreiddaröryggið í stilli valmyndinni. |
| Nálin brotnar? | Setjið nálina rétt í vélina eins og lýst er í kafla 2.<br>Notið rétta nál fyrir viðkomandi efni og tvinna. |
| Vélin saumar ekki? | Athugið hvort allir tenglar séu í sambandi og rafmagn sé á veggtenglinum.<br>Athugið hvort leiðslarn í fótmóststöðuna sé ekki örugglega rétt tengd við tengilinn neðan á fótmótstöðunni,<br>Ýtið arminum fyrir spólarann í saumastöðu. |
| PFAFF R skjárinn sýnir byrjunar skjámyndina. | Snertið skjáinn til að gera hann virkan.<br>Slökkvið á skjávörninni í stilli valmyndinni. |
| Tákn á skjánum eru óvirk þegar þau eru snert? | Lokið sprettiglugga ef hann skyggir á skjáinn.<br>Kvarðið skjáinn. Kvörðun á skjá finnið þið í stilli valmyndinni. |
| Skjárinn og/eða aðgerðarhnapparnir virka ekki við snertingu? | Tenglarnir og aðgerðarhnapparnir á vélinni geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagni. Ef hnapparnir virka ekki við snertingu slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni aftur. Ef vandamálið er enn til staðar hafið þá samband við PFAFF® þjónustuna. |

| Vélin hleypur yfir spor | |
|---|---|
| Er nálin rétt sett í nálarhölduna? | Skiptið um nál og setjið nýja nál rétt í vélina eins og lýst er í kafla 2. |
| Er röng tegund af nál í vélinni? | Notið nálar 130/705H. |
| Er nálin bogin eða oddlaus? | Setjið nýja nál í vélina. |
| Er vélin rétt þrædd? | Yfirfarið þræðinguna. |
| Er réttur saumfótur á vélinni? | Setjið réttan saumfót á vélina. |
| Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið? | Skiptið um nál. |
| Lyftist efnið upp þegar nálin fer upp þegar þið eruð að sauma fríhendis? | Notið “Dynamic” gormafótinn 6D (fæst sem aukahlutur nr. 820991-096) Ef þið eruð að nota saumfót 6A, lækkið þá hæðina á saumfætinum í fríhendis valkostunum. |

| Yfirtivnninn slitnar | |
|---|---|
| Er nálin rétt sett í nálarhölduna? | Skiptið um nál og setjið nýja nál rétt í vélina eins og lýst er í kafla 2. |
| Er röng tegund af nál í vélinni? | Notið nálar 130/705H. |

| | |
|---|---|
| Er nálin bogin eða oddlaus? | Setjið nýja nál í vélina. |
| Er vélin rétt þrædd? | Yfirfarið þræðinguna. |
| Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið? | Setjið réttan grófleika af nál í nálarhölduna. |
| Eru þið að nota hnökróttan eða gamlan og þurran tvinna? | Breytið yfir í vandaðri og betri tvinna, sem þið getið m.a. fengið hjá PFAFF® umboðilnu. |
| Er rétt skífa á tvinnakeflunum? | Setjið skífu af réttri stærð fyrir framan tvinnakeflið - eins og lýst er í kafla 2. |
| Er besta staða fyrir tvinnakeflið notuð? | Reynið aðra stöðu fyrir tvinnakeflið. |
| Er gatið. á stingplötunni skemmt? | Skiptið þá um stingplötu. |

| Undirtvinninn slitnar | |
|---|---|
| Er spólan rétt sett í vélina? | Yfirfarið undirtvinnann. |
| Er gatið. á stingplötunni skemmt? | Skiptið þá um stingplötu. |
| Er ló og óhreinindi í gríparasvæðinu? | Hreinsið ryk og ló úr gríparasvæðinu og munið að nota eingöngu PFAFF ® spólur sem eru hannaðar fyrir þessa vél. |
| Er rétt spólað á .spóluna? | Spólið á nýja spólu eins og lýst er í kafla 2. |

| Sporin í saumnum eru ójöfn | |
|---|---|
| Er tvinnaspennan rétt? | Yfirfarið tvinnaspennuna og einnig þræðinguna. |
| Eru þið að nota lélegan og þurran tvinna? | Skiptið um tvinna |
| Er undirtvinninn jafnt spólaður á spóluna? | Yfirfarið. Sjá kafla 2. |
| Er rétt nál notuð? | Setjið nýja nál í vélina eins og lýst er í kafla 2. |

| Vélin flytur ekki eða flytur ójafnt. | |
|---|---|
| Er vélin rétt þrædd? | Yfirfarið þræðinguna. |
| Hefur ló safnast á milli flytjraraðanna? | Fjarlægið stingplötuna og hreinsið á milli tannaraðanna. |

| Kerfisvilla | |
|---|---|
| Er vélina að sýna kerfisvillu í sprettiglugga? | Þegar kerfisvilla (system report) kemur á skjáinn, farið þá í persónulegar skrár/reports og finnið skrána (System report01 dmp eða hærri tölu). Visitð skrána á USB minnislykil. Sendið skrána ásamt stuttri lýsingu á því hvað þið voruð að gera áður en sprettigluginn kom upp - og sendið það til "product. improvement@pfaff.com". Eftir að hafa sent skrána, fjarlægið hana úr vélinni. |

**Látið fara yfir vélina ykkar með reglulegu millibili hjá PFAFF® umboðinu.**

Ef þið hafið farið eftir öllum leiðbeiningunum hér að ofan og hafið enn við vandamál að stríða, farið þá með vélina til Pfaff þjónustunnar. Ef þið eigið við eitthvað ákveðið vandamál að stríða þá er alltaf gott að láta saumaða prufu fylgja með sem sýnir vandamálið. Slík prufa segir oft meira en þúsund orð.

# Index

## A

Accessories ........ 1:10
Accessory tray ........ 1:9, 2:3
Action indicator ........ 3:7
Add a stitch or stitch point ........ 6:3
Adjust text and stitches ........ 5:4
Adjust the entire sequence ........ 5:5
Alphabets ........ 1:16
Antique hand embroidery stitches ........ 1:15
Antique quilt stitches ........ 1:14
Approximate length of sequence ........ 5:2
Art stitches ........ 1:15
Attaching the Sensormatic buttonhole foot ........ 4:15
Attach presser foot ........ 2:9
Audio repeat ........ 3:3
Automatic presser foot lift ........ 3:4
Available disk space low ........ 7:4
Available memory ........ 7:2

## B

Balance ........ 4:5
Blindhem foot with IDT™ system 3 ........ 1:11
Blindhem stitch ........ 4:14
  Elastic blindhem stitch ........ 4:14
Bobbin area, cleaning ........ 8:2
Bobbin cover ........ 1:8
Bobbin, insert ........ 2:8
Bobbins ........ 1:10
Bobbin thread guide ........ 2:5
Bobbin thread low ........ 4:21
Bobbin winding ........ 2:7
  Bobbin winder thread guide ........ 2:7
  Winding from horizontal position ........ 2:7
  Winding while threaded ........ 2:7
Browse personal files ........ 7:3
Brush ........ 1:10
Built-in needle threader ........ 1:8
Built-in USB port ........ 1:8
Buttonhole, corded ........ 4:16
Buttonhole, manual ........ 4:16
Buttonholes ........ 4:15
Button ruler ........ 1:8
Buttons and indicators ........ 3:6
Button sewing ........ 4:17

## C

Calibrate touch screen ........ 3:3
Cancel ........ 3:5
Carrying case ........ 2:2
Changing the presser foot ........ 2:9
  Attach presser foot ........ 2:9
  Remove presser foot ........ 2:9
Check needle thread ........ 4:21
Cleaning the machine ........ 8:2
Color Touch Screen ........ 1:8
Common icons ........ 3:5
  Long touch ........ 3:5
  OK and Cancel ........ 3:5
  Scroll bar ........ 3:5
Connecting the foot control cord ........ 2:2
Connect the power cord ........ 2:2
Connect to the power supply ........ 2:2
Copy ........ 7:2, 7:4
Copy a file or folder ........ 7:4
Corded buttonhole ........ 4:16
Cover ........ 2:3
Crazy patch stitches ........ 1:14
Crazy quilt stitching ........ 4:19
Create a new folder ........ 7:4
Create a sequence ........ 5:3
Create new folder ........ 7:2, 7:4
Create sequence from letters ........ 5:3
Create sequence from stitches ........ 5:3
Cross stitches ........ 1:14
Cut ........ 7:2, 7:4
Cut-Away Stabilizer ........ 2:11
Cut jump stitches ........ 3:4

## D

Darning ........ 4:17
Decorative stitches (720) ........ 1:14
Decorative stitches (710) ........ 1:17
Definition of a stitch point ........ 6:3
Delete ........ 3:2, 3:5, 4:7, 5:4, 5:5, 6:2, 7:4
Delete a file or folder ........ 7:4
Delete a sequence ........ 5:5
Delete a stitch ........ 4:7
Delete a stitch or letter ........ 5:4
Delete selected stitch point ........ 6:4
Denim needle ........ 2:10
Disengaging the IDT™ system ........ 2:8
Disintegrating Stabilizer ........ 2:11
Double ribbon stitches (720) ........ 4:22
Duplicate ........ 6:2
Duplicate selected stitch point ........ 6:4
Dynamic spring foot 6D free-motion ........ 4:8

## E

Edge guide ........ 1:10
Elastic blindhem stitch ........ 4:14
Embroidery foot 6A ........ 1:11
Embroidery needle ........ 2:10
Embroidery settings ........ 3:5
Embroidery thread ........ 2:11
Engaging the IDT™ system ........ 2:8
Exit sequencing ........ 5:3
Exit Stitch Creator™ feature ........ 6:3

## F

Fancy stitch foot 2A ........ 1:11
Fancy stitch foot with IDT™ system 1A ........ 1:11
Feeding length from previous stitch poin ........ 6:5
Feeding length from previous stitch point ........ 6:2, 6:5
Felt pad ........ 1:10, 2:4
Floral and ornamental stitches ........ 1:15
Folder level ........ 7:3
Font, select ........ 4:3
Font style ........ 5:3
Foot control ........ 1:10
Free arm ........ 1:8, 2:3
Free-motion options (720) ........ 4:2
Free-motion options (710) ........ 4:9
Free-motion stippling ........ 4:20
Fun stitches ........ 1:15

## H

Handle ........ 1:9
Handlook quilting ........ 4:19
Handlook quilt stitches ........ 1:16
Handlook stitches ........ 1:14
Handwheel ........ 1:8
Hard cover ........ 2:3
Hems in heavy fabric ........ 4:13
Hemstitches ........ 1:15

## I

Icons, common ........ 3:5
- OK and Cancel ........ 3:5
- Long touch ........ 3:5
- Scroll bar ........ 3:5

IDT™ system ........ 1:9, 2:8, 4:2, 4:8, 4:13, 4:14, 4:15, 4:19
- Disengaging ........ 2:8
- Engaging ........ 2:8

Immediate tie-off ........ 1:8, 3:6
Included accessories ........ 1:10
Insert a new stitch point ........ 6:4
Insert a stitch or letter ........ 5:4
Inserting the bobbin ........ 2:8
Iron-on Tear-Away ........ 2:11

## K

Knee-lift ........ 1:10, 2:3

## L

Language ........ 3:3
LED lights ........ 1:8, 2:3
License information ........ 3:5
Lid ........ 1:8
List/thumbnail view ........ 7:2, 7:3
List view ........ 7:3
Load a sequence ........ 5:5
Loading a stitch ........ 6:6
Lock screen ........ 3:3
Long touch ........ 3:5, 4:4

## M

Machine information ........ 3:5, 7:2
Machine needs to rest ........ 4:21
Machine overview ........ 1:8
Machine settings ........ 3:3
Machine settings & buttons ........ 3:2-3:8
Main switch ........ 1:8
Manual buttonhole ........ 4:16
Manual buttonhole foot 5M ........ 1:11
Maxi-stitch foot ........ 1:11
Memory available ........ 7:2
Mirror end to end ........ 3:2, 3:5, 4:6, 5:4, 6:2, 6:4
Mirror side to side ........ 3:2, 3:5, 4:6, 5:4, 6:2, 6:4
Move ........ 6:5
Move a file or folder ........ 7:4
Move up one folder level ........ 7:2, 7:3
Multi-purpose tool ........ 1:10, 2:9, 4:17

## N

Needle bar ........ 1:8
Needle plate ........ 1:8
Needles ........ 1:10, 2:10
- Denim needle ........ 2:10
- Embroidery needle ........ 2:10
- Stretch needle ........ 2:10
- Universal needle ........ 2:10
- Wing needle ........ 2:10

Needle screw ........ 1:8
Needle threader ........ 1:8, 2:5
Needle thread guide ........ 1:8, 2:5
Needle up/down ........ 1:8, 3:6
New folder ........ 7:4
New stitch point ........ 6:2, 6:3
Non-original parts and accessories ........ 8:2
Not an editable stitch ........ 5:6, 6:6

# O


OK and Cancel ..... 3:5
Open a folder ..... 7:3
Open sequencing ..... 5:3
Open stitch creator ..... 6:3
Optional accessories ..... 2:5, 4:8, 4:17, 4:19, 4:20, 8:2
Optional presser foot icon ..... 4:20
Overview
- Machine ..... 1:8
- Personal files ..... 7:2
- Sequencing ..... 5:2
- Sewing mode ..... 4:2
- Stitch Creator™ feature ..... 6:2
- Stitches ..... 1:12
- Touch screen ..... 3:2


# P


Pack away after sewing ..... 2:3
Paste ..... 7:2, 7:4
Patchwork program ..... 4:11, 4:12, 4:18
Personal files ..... 4:3, 7:2-7:4
personal files pop-ups ..... 7:4
PFAFF® Color Touch Screen ..... 1:8
Piecing the quilt top ..... 4:18
Pop-up messages
- Available disk space low ..... 7:4
- Machine needs to rest ..... 4:21
- Not an editable stitch ..... 5:6, 6:6
- Remove sensormatic buttonhole foot ..... 4:21
- Sequence out of range ..... 5:6, 6:6
- System busy ..... 7:4

Position of the marked stitch point ..... 6:5
Power cord ..... 1:10
Presser feet ..... 1:11
Presser foot ..... 1:8
Presser foot bar ..... 1:8
Presser foot, change ..... 2:9
Presser foot down and pivot toggle ..... 3:6
Presser foot height ..... 2:3, 4:9
Presser foot holder ..... 1:8
Presser foot pressure ..... 3:4
Presser foot recommendation ..... 4:2
Presser foot up and extra lift toggle ..... 3:6
Pre-tension device for threading and bobbin winding ..... 1:9
Pre-tension disc ..... 2:5


# Q


Quick help ..... 3:2, 4:8, 4:20
Quilting ..... 4:18
- Crazy quilt stitching ..... 4:19
- Patchwork program ..... 4:18
- Piecing the quilt top ..... 4:18
- Straight stitch needle plate ..... 4:18


# R


Removable bobbin holder ..... 1:9
Removable tray for presser feet ..... 1:9
Remove presser foot ..... 2:9
Remove Sensormatic buttonhole foot ..... 4:21
Rename a file or folder ..... 7:4
Rename file or folder ..... 7:2, 7:4
Repeat a manual buttonhole ..... 4:16
Replace a stitch or letter ..... 5:4
Replacing the needle plate ..... 8:2
Reverse ..... 1:8
Reverse button ..... 3:7, 4:10, 4:11
Reverse indicator ..... 3:7


# S


Satin and edge stitches ..... 1:15
Save to personal files ..... 4:2
Save to personal menu ..... 4:2, 4:7, 5:5
Saving a sequence ..... 5:5
Saving a stitch ..... 6:6
Screen ..... 1:8
Screen, lock ..... 3:3
Screen saver ..... 3:3
Screwdriver ..... 1:10
Scroll bar ..... 3:5
Seam ripper ..... 1:10
Selected stitch number ..... 4:2
Selecting a font ..... 4:3
Selecting a stitch ..... 4:3
Selection menu ..... 3:2, 3:5, 4:3
Select stitch point ..... 6:2, 6:3
Sensormatic buttonhole ..... 4:15
Sensormatic buttonhole foot 5A ..... 1:11
Sensormatic buttonhole foot, attach ..... 4:15
Sensormatic buttonhole foot socket ..... 1:8
Sensormatic free-motion ..... 4:8, 4:9
Sensormatic free-motion foot 6A ..... 1:11, 4:9
Sequence adjustments ..... 5:5, 5:6
Sequence commands ..... 5:4
Sequence, delete ..... 5:5
Sequence out of range ..... 5:6, 6:6
Sequences in Stitch Creator™ feature ..... 5:6
Sequencing ..... 4:2, 4:12, 5:2–5:6
Sequencing pop-ups ..... 5:6
Settings menu ..... 3:2, 3:3
Sewing a sequence ..... 5:5
Sewing a stitch ..... 6:6
Sewing hems in heavy fabric ..... 4:13
Sewing in zippers ..... 4:13
Sewing mode ..... 4:2, 4:2–4:22
Sewing options ..... 4:2
Sewing pop-ups ..... 4:21

Sewing programs ........ 4:11
Patchwork program ........ 4:11
Single stitch program ........ 4:11
Tapering program ........ 4:11
Sewing settings ........ 3:4
Sewing techniques ........ 4:13
Sewing thread ........ 2:11
Sew on a button ........ 4:17
Single ribbon stitches (720) ........ 1:16, 4:21
Single stitch program ........ 4:11
Smocking stitches ........ 1:15
Software version ........ 3:5
Special sewing techniques ........ 4:20
Speed control ........ 1:8, 3:6, 4:6
Speed control symbol ........ 4:2
Spool cap ........ 1:10, 2:4
Spool pins ........ , 2:4
Auxiliary spool pin ........ 2:4
Horizontal position ........ 2:4
Main spool pin ........ 2:4
Vertical position ........ 2:4
Spring foot free-motion ........ 4:8
Stacking stitches (720) ........ 1:16, 4:21
Stabilizer recommended ........ 4:2
Stabilizers ........ 2:11
Standard presser foot with IDT™ system 0A ........ 1:11
Start/stop ........ 1:8, 3:6, 3:7
Start view ........ 4:2
Sticky stabilizer ........ 2:11
Stippling stitches ........ 1:14
Stitch category ........ 4:3, 5:3
Stitch Creator™ feature ........ 4:2, 6:2–6:6
Stitch Creator™ feature pop-ups ........ 6:6
Stitch, delete ........ 4:7
Stitch density ........ 4:2, 4:4, 4:5, 5:2, 5:4
Stitches ........ 4:3, 5:3
Stitch field ........ 6:2
Stitch fonts ........ 4:3, 5:3
Stitch-in-the-Ditch ........ 4:19
Stitch length ........ 4:2, 4:4, 4:5, 5:2, 5:4
Stitch overview ........ 1:12
Stitch point, definition ........ 6:3
Stitch point side position ........ 6:2, 6:5
Stitch positioning ........ 4:2, 4:4, 5:2, 5:4
Stitch repetition ........ 4:17
Stitch restart ........ 1:8, 3:6
Stitch, select ........ 4:3
Stitch settings ........ 4:4
Stitch width ........ 4:2, 4:4, 5:2, 5:4
Stitch width safety ........ 3:4, 4:2, 4:8
Stop command ........ 5:4
Straight stitch needle plate ........ 1:10, 4:18
Stretch needle ........ 2:10
Stylus ........ 1:10
Stylus holder ........ 1:8
System busy ........ 7:4

# T

Take-up lever ........ 2:5
Tapering program ........ 4:11
Tear-away stabilizers ........ 2:11
Thread cutter ........ 1:8
Threading for twin needle ........ 2:6
Threading the machine ........ 2:5
Needle threader ........ 2:5
Threading for twin needle ........ 2:6
Thread net ........ 1:10
Thread sensor ........ 2:6
Thread snips ........ 1:8, 3:7, 4:10
Thread snips command ........ 5:4
Thread snips for sewing ........ 3:4
Thread tension ........ 4:2, 4:6
Thread tension compensation ........ 3:5
Three-step zigzag stitch ........ 4:14
Tie-off beginning ........ 4:10
Tie-off command ........ 5:4
Tie-off end ........ 4:10
Tie-off options ........ 4:2, 4:10
Touch functions
Move ........ 6:2, 6:5
Zoom/Pan ........ 6:2, 6:5
Touch screen ........ 3:2
Touch screen, calibrate ........ 3:3
Transparent thread ........ 2:11
Triple stitch ........ 6:2, 6:4
Troubleshooting ........ 8:3
Twin needle ........ 2:6, 3:4, 4:2
Twin needle width ........ 3:4

# U

Universal needle ........ 2:10
Unpacking ........ 2:2
Update your machine ........ 2:12
USB device ........ 4:3, 7:2, 7:3
USB port ........ 2:12
Connect to and remove from USB port ........ 2:12
USB ports ........ 1:8
Utility stitches ........ 1:12

# W

Water Soluble Stabilizer ........ 2:11
Wheel ........ 6:2

# Z

Zipper foot with IDT™ system 4 ........ 1:11
Zippers, sewing ........ 4:13
Zoom ........ 6:5
Zoom/Pan ........ 6:5

Þið hafið keypt nýtísku og uppfæranlega saumavél. Þar sem við sendum reglulega frá okkur uppfærslur á hugverki, þá er möguleiki á því að það geti verið smávægilegur munur á hugbíunaðinum í saumavélinni ykkar og þeim hugbúnaði sem lýst er í þessum leiðarvísi. Hafið samband við PFAFF [R] umboðið og/eða farið inn á heimasíðu okkar www.pfaff.com til að leita að síðustu uppfærslum bæði fyrir hugbúnað og leiðarvísir.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni, hlutum hennar og fylgihlutum án fyrirvara svo og smávægilegra breytinga á útliti vélarinnar.

Slíkar breytingar munu hinsvegar ávallt koma eigendum og notendum vélanna til góða.

## Eign á hugverki

Einkaleyfi sem verja þessa vél eru á lista sem er á miða undir vélinni.

PFAFF EXPRESSION, STITCH CREATOR, PERFECTION STARTS HERE og IDT eru vörumerki í eigu Singer Sewing Limited LLC

Vinsamlegast gætið þess þegar þessari vél verður fargað. að það verði gert í samræmi við gildandi reglur um förgun raftækja á þeim stað sem þið eruð hverju sinni. Fargið aldrei raftækjum með venjulegu heimilissorpi - notið endurvinnslustöðvar  Hafið samband við umboðsaðilann á þeim stað sem þið eruð til að fá upplýsingar um endurvinnslustöðvar. Ef þið eruð að kaupa nýja vél í stað þeirrar gömlu, þá gæti vel verið að seljandi nýju vélarinnar sé lögbundinn til að taka við þeirri gömlu og sjá um að koma henni í endurvinnslu.

Ef rafmagnstækjumm er hent með heimilissorpi á venjulega öskuhauga er hætta á því að hættuleg efni gætu lekið út í umhverfið og jafnvel komist inn í fæðukeðjuna og orðið hættulegt heilsu manna.

Framleiðandi

VSM Group AB
Drottninggatan 2, SE-56184, Husqvarna, SWEDEN

www.pfaff.com

**471 0527-07C** - Íslenska -InHouse - 2019 Singer Sewing Limited LLC Allur réttur áskilinn - prentað á umhverfisvænan pappír